

Nesfréttir

MAÍ 2018 • 5. TBL. • 31. ÁRG. • www.borgarblod.is



Hádegistilboð

Frið kl. 11-16

LÍTIL PIZZA
af matsæli og 0,33 cl gos **1.000 KR.**

MIÐSTÆRÐ
af matsæli og 0,33 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Félagar í Lionsklúbb Seltjarnarness settu upp nýtt merki við Gróttu á dögnum og merktu með því Gróttuvör. Einnig var sett upp nýtt merki sem bendir á Seltjarnarrif sem er á milli Gróttu og Suðurness.

Lionsfélagar eru búnir að setja upp 37 merki við bátavarir og tjarnir á Seltjarnarnesi til þess að sýna staðsetningu þeirra. Með því að merkja gömul kennileiti og nýrri gefst gestum og gangandi kostur á að fræðast bæði um landafræði og einnig horfna atvinnuvegi á Seltjarnarnesi en víða var útræði frá Nesinu fyrr á árum og varirnar notaðar til þess að róa að landi með afla og taka báta á landi.

FUNDIÐ FÉ

Þú getur unnið 6 milljónum

Nýr miði!

HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

S
Systrasamlagid

Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Frábæra Seltjarnarnes!

Viðreisn / Neslistinn



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðstorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMÆÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMÆÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Uppbygging Bygggarða

Í umræðum um málefni Seltjarnarnesbæjar koma þau sjónarmið öðru hvoru fram að bæjarfélagið sé ekki nægilega hagkvæm rekstrareining. Ef bæjarbúum myndi fjölga um nokkur hundruð myndi það bæta stöðu þess. Tekjur myndu aukast bæði af útsvörum og fasteignasköttum en grunnstöðir bæjarfélagsins séu það styrkar að ekki þurfi að leggja í miklar nýframkvæmdir þótt fólk fjölgi nokkuð.

Eflaust eru skiptar skoðanir um þetta eins og önnur mál og lengi hafa þau sjónarmið notið athygli að ekki beri að fjölga bæjarbúum um of. Slíkt geti haft neikvæð áhrif á ímynd bæjarins og raskað því sem fólk vill telja hið friðsama samfélag.

Hvað sem mismunandi sjónarmiðum líður er ljóst að góðir möguleikar eru til þess að fjölga Nesbúum um nokkur hundruð án þess að neitt rask hljóti af. Með hóflegum húsbýggingum í Bygggördum væri hægt að fjölga Seltirningum um allt að 500 manns og koma íbúafjöldanum yfir 5000 íbúa markið.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að breyta Bygggördum í íbúðabyggð. Ýmislegt hefur orðið til þess að teija þær fyrirætlanir. Þar á meðal afleiðingar fjármálahrunsins haustið 2008. Nú virðist hylla undir að framkvæmdir geti hafist.

Með um 500 manna byggð í Bygggördum ynnist ýmislegt. Í fyrsta lagi myndi íbúum fjölga og auka hagkvæmni í rekstri bæjarfélagsins. Í öðru lagi má gera ráð fyrir að þarna tæki fólk á öllum aldri sér bólfestu og yngri fólk gert kleyft að hefja þar sinn búskap. Nokkuð sem kallað hefur verið eftir á Seltjarnarnesi. Í þriðja lagi myndi sóðalegt iðnaðarsvæði svo ekki sé sterkara að orði kveðið breytast í blómlega byggð. Uppbygging Bygggarðanna er því mikið framfara- og þrífamál hvernig sem á það er litið.

Uppbygging í Bygggördum að fara af stað



Bæjarstjóri og formaður skipulagsnefndar áttu fund með forsvarsmönnum Stefnis á dögnum. Frá vinstri eru Bjarni Torfi Álfþórsson formaður skipulagsnefndar, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Þorgerður Arna Einarisdóttir og Sigurður Óli Hákonarson sem starfa hjá Stefni og eru jafnframt stjórnarmenn í Landey.

Nú er uppbygging að fara af stað á Bygggarðasvæðinu á Seltjarnarnesi. Sjóður sem er í rekstri Stefnis hf. annast verkefnið en sjóðurinn festi kaup á Landey ehf. þann 24. apríl sl.

Nú er unnið að því að yfirfara skipulag á Bygggarðasvæðinu þar sem áhersla verður lögð á sérstöðu þess, tengingu við náttúru og nánasta umhverfi. Stefnt er að því að hefja framkvæmdir um leið og því verkefni lýkur. Stefnir er stærsta sjóðsstýringarfyrtæki landsins með um 350 milljarða króna í stýringu. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri kveðst fagna því að þetta verkefni sé nú komið í fullan gang hjá nýjum eigendum.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Seltjarnarnes til framtíðar

- Eitt samfélag fyrir alla

Þjónusta við íbúa

- Brúum bilið með nýjum leikskóla
- Eflum heimþjónustu aldraðra
- Aukum íbúalýðræði, gagnsæi og fagleg vinnubrögð
- Byggjum heimili fyrir fatlað fólk

Sókn í skólamálum

- Eflum stuðningsþjónustu til þess að mæta þörfum og léttu á álagi
- Stofnum þróunarsjóð um nýsköpun í skólastarfi og nútímavæðingu á búnaði
- Styttum vinnuviku og bætum kjör kennara á öllum skólastigum

Nýr og spennandi miðbær

- Klárum miðbæjarskipulagið í samstarfi við íbúa bæjarins
- Borgarlínu á Nesið
- Byggjum fjölbreyttar íbúðir
- Styðjum við þjónustu í heimabyggð

Grænar áherslur

- Aukum flokkun á sorpi
- Styðjum við vistvænar samgöngur með hleðslustöðvum, hjólaskýlum og öflugum almenningssamgöngum
- Lögum leikvöllina okkar
- Stöndum vörð um strandlengjuna og græn svæði

Vínbúðin Eiðistorgi hlýtur Jafnréttisviðurkenningu Seltjarnarness



Talið frá vinstri: Karl Pétur Jónsson, jafnréttisnefnd, Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, Snorri Aðalsteinsson, félagsmálastjóri, Guðrún Brynja Vilhjálmisdóttir formaður jafnréttisnefndar Seltjarnarness, Þorleifur Örn Gunnarsson, jafnréttisnefnd og Helga Unnur Jóhannsdóttir, aðstoðarverslunarstjóri Vínbúðarinnar á Eiðistorgi.

Jafnréttisnefnd Seltjarnarness veitti á dögunum Vínbúðinni Eiðistorgi Jafnréttisviðurkenningu Seltjarnarnesbæjar fyrir kjörtímabilið 2014-2018 fyrir hönd Bæjarstjórnar en viðurkenningin er veitt einu sinni á hverju kjörtímabili.

Guðrún Brynja Vilhjálmisdóttir formaður Jafnréttisnefndar Seltjarnarness veitti þeim Sigrúnu Ósk Sigurðardóttur aðstoðarforstjóra ÁTVR og Helgu Unni Jóhannsdóttur aðstoðarverslunarstjóra Vínbúðarinnar á Eiðistorgi Jafnréttisviðurkenninguna við hátiðlega athöfn á bókasafninu að viðstöddum fulltrúum jafnréttisnefndarinnar og ýmsum gestum. Jafnréttisviðurkenning Seltjarnarness er veitt fyrir tækjum fyrir að sýna jafnréttismálum sérstakan alhug í verki.

Vínbúðin Eiðistorgi er ein af verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins en fyrirtækið rekur vínbúðir í flestum þéttbýliskjörnum landsins. Vínbúðirnar hafa sett sér jafnréttisáætlun og starfa eftir henni. ÁTVR er með jafnlaunavottun PwC og innleiðing á jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 stendur yfir og er stefnt að vottun á þessu ári. Leiðarljós jafnréttisáætlunar ÁTVR er að allt starfsfólk ÁTVR njóti sömu virðingar og hafi jafna stöðu innan fyrirtækisins. ÁTVR telur mikilvægt að unnið sé að jafnrétti með því að nýta til jafns þann auð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum kvenna og karla. Meðal annars verði unnið gegn viðhorfum sem leiða til aðstöðumunar kvenna og karla.

Rafrænni íbúakosningu um Nesið okkar lokið



Flestir vildu lífga upp á skólalóð Mýró með skemmtilegum möguleikum til leikja.

Flestir vilja lífga upp á skólalóð Mýró

Sjö verkefni voru valin í rafrænni íbúakosningu um “Nesið okkar” á Seltjarnarnesi. Starfsmenn Seltjarnarnesbæjar vinna að útfærslu þeirra og gert er ráð fyrir að unnt verði að hrinda þeim í framkvæmd í sumar. Um 12% bæjarbúa tóku þátt í kosningunni sem er í takti við það sem verið hefur undanfarin ár. Heildarfjármunir sem kosið var um nema 10 milljónum króna.

Þau verkefni sem hlutu framgang í kosningunni voru að lífga upp á skólalóð Mýrarhússkóla með skemmtilegum möguleikum til leikja. Koma flokkunartunnunum fyrir á fjölförnum stöðum á Seltjarnarnesi. Setja upp borð og stóla á Eiðistorgi. Vinna að endurbótum á leiksvæðunum við Hofgarða og Vallarbrautarróló.

Koma upp hraðhleðslustöð fyrir rafdrifna bíla á Seltjarnarnesi og bæta útsýni frá heita pottinum að rennibrautinni við sundlaugina. Endurbætur á skólalóð Mýrarhúsaskóla og að setja upp flokkunartunnur eru þau verkefni sem flestir greiddu atkvæði.

Önnur verkefni sem kosið var um en urðu ekki fyrir valinu að þessu sinni voru lenging og lagfæring á göngustíg með fram friðlýstu svæði á Valhúsahæð. Grillhús í Bakkagarði. Göngustígur frá Bakkavör upp á Valhúsahæð. Setja upp útiþrekkæki við íþróttavöllinn. Koma upp strandblakvelli og tennisvelli. Endurnýja körfuboltavöll við Hofgarða. Koma upp hjólabraut og að útbúa lokaða sturtuklefa við sundlaug Seltjarnarness.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílinn á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjodum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bön ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / áklæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir
Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slifflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Seltjarnarnes á að vera best rekna sveitarfélag landsins

Besta þjónustan
og lægsta útsvarið

Forgangsráðað í
framkvæmdum og
rekstri fyrir Seltirninga

Land og umhverfi er okkar
dýrmætasta eign sem bera
að gæta og viðhalda

Núverandi skuldasöfnun
og taprekstur mun skerða
grunnþjónustu í framtíðinni



Skafti



Ástriður Sigurrós



Guðrún Erla



Ásgeir



Ragnar



María

Grunnþjónusta í stað gæluverkefna

Fjölbreytt og vel heppnuð Listahátíð kirkjunnar:

“Kenn oss að telja daga vora”

Fjölbreytt og vel heppnuð Listahátíð Seltjarnarneskirkju 2018 stendur yfir til 24. maí, en hún hófst 5. þ.m. Sú venja ríkir að Seltjarnarnesbær haldi slíkar hátíðir annaðhvort ár og kirkjan hitt árið.

Yfirskrift hátíðarinnar er: “Kenn oss að telja daga vora” og þá einnig haft í huga framhald þeirra orða Biblíunnar: “að vér megum öðlast viturt hjarta.” Er þessi tilvitnun tekin úr 90. Davíðssálmí sem einnig er uppspretta þjóðsöngsins, “Ó, Guð vors lands”.

Listvefnaður og glerlist á sýningu

Tvær listakonur, sem eins og margir vita eiga lykilverk er þrýða kirkjuna, þær Herdís Tómasdóttir og Ingunn Benediktsdóttir, sýna nú fleiri verk sín, listvefnað og glerlist. Hefur Rakel Pétursdóttir safnafræðingur, sem býr hér á Nesinu, þegar gert list þeirra góð skil í áhugaverðu erindi. Hægt er að skoða sýninguna alla daga þegar kirkjan er opin.

Saga ársins 1918 og Bessastaða rakin

Við val dagskrárliða hátíðarinnar var töluvert haft í huga að nú er afmælisár fullveldis Íslands – hundrað ár frá gildistöku þess 1. desember 1918. Það kennir því sögulegra og þjóðlegra grasa í dagskránni. Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur, sem vinnur að bók um sögu fullveldisins fyrir Alþingi, mun rifja upp “Árið 1918 í sögu Íslands” (15.5., kl. 20). Og Vilhjálmur Bjarnason fv. alþingismaður mun segja frá “Bessastöðum – eigendum og ábúendum í tímans rás”, litríki sögu þjóðhöfðingjasetursins, þar sem tveir síðustu ábúendurnir hafa einmitt komið af Seltjarnarnesi! (24.5., kl. 20).

Tónskáldið í Nesi

Sérstök dagskrá í tali og tónum verður tileinkuð tónskáldinu Sveinbirni Sveinbjörnssyni (1847-1927), sem fæddist í Nesi við Seltjörn. Hann er löngu þjóðþekktur fyrir lag sitt við þjóðsönginn, “Ó, Guð vors lands”. Það lag hefur síðustu árin orðið víðfrægt og dád utan landsteinanna vegna frábærs árangurs knattspyrnumanna okkar. Munu þeir Bjarki Sveinbjörnsson tónlistafræðingur og Þórarinn Stefánsson píanóleikari kynna fleiri tónsmíðar

Sveinbjörns, líf hans og starf. (21.5., kl. 16).

“Stund í tali og tónum”, tónverk eftir Bach, Chopin, Casals og Schubert, ásamt hugleiðingum, er önnur dagskrá á hátíðinni. Okkar ástsæli sellóleikari Gunnar Kvaran, sem býr hér vestan við Valhúsahæðina, og Haukur Guðlaugsson fv. söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar munu flytja dagskrána (17.5., kl. 20).



Sveinbjörn Sveinbjörnsson, höfundur lags þjóðsöngsins, var fæddur í Nesi við Seltjörn. Sérstök dagskrá í tali og tónum verður helguð honum 21. maí, kl. 16.

Kristín stef “Dýrlingsins” rýnd

Kvikmyndalistin hefur áður verið með á listahátíð hjá okkur. Svo er enn að þessu sinni. Hugmyndaríkur sóknarprestur okkar, sr. Bjarni Þór Bjarnason, stóð fyrir sýningu í kjallara kirkjunnar (12.5., kl. 14-19) og rýndi í kristín stef og tilvitnanir í völdum köflum sjónvarpsþáttanna um “Dýrlinginn”, sem nutu svo mikilla vinsælda hér um árið.

Margskonar tónlist

Fjórir aðrir tónlistarviðburðir eru ýmist í vændum á hátíðinni eða hafa þegar farið fram. Við setninguna voru einkar áhugaverðir tónleikar Kammerkórs Seltjarnarneskirkju undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar. Hljómsveitin Sóló lék við mikla ánægju hátt í 100 manns við guðsþjónustu á Uppstigningardag. Þá var um miðbik hátíðar Gospel-guðsþjónusta, sem svo er kallað, þar sem viðkunnur og vinsæll tónlistarmaður héðan af Nesinu, Friðrik Karlsson, og félagar létu list sína hljóma af snilli. Loks munu þau Ragnhildur Þórhallsdóttir sópran og Friðrik V. Stefánsson organisti og tónlistarstjóri flytja íslensk lög í lok hátíðar (24.5., kl. 20) á eftir erindi Vilhjálms Bjarnasonar sem áður var nefnt.



Herdís Tómasdóttur, fjórða frá vinstri, með nokkrum félögum sínum í Soroptismistaklúbbsi Seltjarnarness við veflistaverk hennar “Frá myrkrki til ljóssins.” Þær Herdís og Ingunn Benediktsdóttir eru fulltrúar myndlistarinnar á þessari listahátíð.

Listahátíðarnefnd undirbjó hátíðina

Listahátíðin stendur þar til tveimur dögum fyrir kjördag í sveitarstjórnarkosningunum. Vandaður myndskreyttur dreifill með dagskránni, hannaður af Péttri Baldvinsyni, var borinn í öll hús bæjarins en dagskrána í heild má einnig finna á heimasíðunni: www.seltjarnarneskirkja.is – Góður rómur hefur verið gerður að dagskránni og viðburðir ágætlega sóttir.

Undirbúningur annaðist nú sem fyrr Listahátíðarnefnd undir formennsku dr. Gunnlaugs A. Jónssonar, sem valdi yfirskrift hátíðarinnar og lagði út af henni í snjallri prédikun við upphaf hátíðar; auk hans störfuðu í nefndinni að þessu sinni Dýri Guðmundsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Ólafur Egilsson, Steinunn Einarsdóttir og Þórlaefur Jónsson. – Seltjarnarnesbær og Arna – ís- og kaffibar við Eiðistorg styðja hátíðina.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Við erum þakklát og stolt

Vínbúðin Eiðistorgi hlaut Jafnréttisviðurkenningu Seltjarnarness

Líkt og aðrar Vínbúðir landsins starfar Vínbúðin Eiðistorgi eftir jafnréttisáætlun ÁTVR en leiðarljós hennar er að allt starfsfólk ÁTVR njóti sömu virðingar og hafi jafna stöðu innan fyrirtækisins.

Við gleðjumst yfir því að hafa náð árangri sem tekið er eftir og þökkum kærlega fyrir viðurkenninguna!



Jafnlaunaúttekt
PwC
2016

 VÍNBUÐIN

Við stækkum í sátt við mannlíf og umhverfi

- segir Ásgerður bæjarstjóri

Við hittum Ásgerði bæjarstjóra í fjörunni fyrir neðan Nesbala, þar sem hún tindi rusl ásamt flokki fólks. „Við höfum gert þetta í mörg ár,” segir hún, „og frábært að heyra um vakninguna sem kallað er plock og sameinar útivist og umhverfisvernd.”

Ásgerði er umhverfisvernd hugleikin enda hreint og fallett umhverfi snar þáttur í lífsgæðunum. „Seltjarnarnes er svo vel í sveit sett að íbúarnir eiga greiðan aðgang að fallegri náttúru með allri ströndinni og út á Framnesið. Vestursvæðið, milli Norðurvíkur og Bakkavíkur, er óbyggð og þannig ætlum við að hafa það áfram.”



Ásgerður með söndardætrum sínum Dögg og Lóu.

Bæjarstjóri í 9 ár

Nú hefur þú verið tvö kjörtímabil bæjarstjóri hvernig líkar þér starfið? „Það er rétt, mér líkar það afskaplega vel, það er krefjandi en um leið mjög skemmtilegt. Að starfa með góðu fólki og hitta íbúa er mjög gefandi, ég er 61 árs, full af orku og vilja til að starfa fyrir bæjarfélagið mig, ég hlakka til að mæta í vinnuna á hverjum degi, segir Ásgerður bæjarstjóri.”

Útsvarið lægst á landsvísi

Seltjarnarnes býður íbúum sínum upp á lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu, 13,66%, lægstu fasteignagjöldin og hæstu tómtundastyrkina fyrir börn og unglunga, kr. 50.000. „Traustur fjárhagur bæjarins sýnir að við höfum náð að feta einstigið milli ráðdeildar, fjárfestinga og rekstrar,” segir Ásgerður og minnir á að það sé hvergi nærri sjálfssagt að geta í senn sinnt þjónustuhlutverkinu en jafnframt haldið sjó í fjármálum. Mörg dæmi eru um óvarlegan rekstur sveitarfélaga en á Nesinu

er farið varlega í sakirnar og þess gætt að ávallt sé borð fyrir báru. „Seltjarnarnesbær er með eitt allra lægsta skuldahlutfall sveitarfélaga landsins, þó að skattar á íbúa séu óvíða lægri.

Nýr leikskóli

„Við Sjálfstæðismenn teljum mjög mikilvægt að byggja nýjan leikskóla strax, undanfarnar vikur hefur farið fram greining á verkefninu með skólastjórendum og fræðslustjóra, ásamt bæjarfulltrúum og formanni foreldrafélagsins. Þessi vinna hefur gengið mjög vel og nú er komið að því að láta teikna nýjan leikskóla frá grunni, segir Ásgerður en nefndir einnig að bæta þarf verulega úr starfsaðstöðu starfsfólks jafnt sem barnanna.

Ráðagerði

Seltjarnarnesbær nýtti sér forkaupsrétt að vestasta húsi bæjarins, Ráðagerði, þegar það var falt í vetur. Ráðagerði er sögufrægt hús,

hjáleiga frá Nesi árið 1703 með litlum túnbletti þar sem fóðra mátti 2 kýr. Það var gert upp með myndarbrag og fékk sína fyrri reisu. Þegar húsið var sett á sölu fannst Ásgerði einboðið að bærinn nýtti forkaupsréttinn. Bæði vegna sögu hússins og nálægðar við útivistarsvæðin.

„Ég tel afar mikilvægt að bærinn geti haft stjórn á Ráðagerði til framtíðar og án efa er einn af möguleikum bæjarins að nýta það í menningar- og/eða ferðatengda starfsemi“ segir Ásgerður. „Við eigum að hlusta á raddir bæjarbúa og í umræða síðustu ára eru verndunar- sjónarmið ráðandi.”

Samráð við íbúa

„Í skipulagsvinnu gerum við ávallt ráð fyrir umferð göngu- og hjólreiðafólks og reynum að velja lausnir sem tryggja að öruggt og ánægjulegt sé að ferðast hjólandi og gangandi. Þannig skapast umhverfi sem hvetur til göngu og hjólreiða sem bætir heilsu okkar og mannlíf,” segir Ásgerður.

Á síðustu árum hefur íbúafjöldi Seltjarnarness vaxið án þess að nýtt land hafi verið brotið undir byggð. Fjölgunin gerir rekstur hagkvæmari og sem skilar sér í betri þjónustu við íbúana. „Í samráði við íbúa bæjarins var stækkun bæjarins skipulögð innan frá með því að atvinnulóðir í byggð voru teknar undir íbúðarhús. Við þurftum ekki að ganga á óbyggðu svæðin til að verða óflugra og sterkara samfélagi,” segir bæjarstjórinn og bætti við að ný byggð við Bygggarða er nú að verða að veruleika búið sé að rífa þar nokkur hús.

Nýtt hjúkrunarheimili

Við Safnatröð á fallegum útsýnisstað rís hjúkrunarheimili. Umræða íbúa um nauðsyn hjúkrunarheimilis á Nesinu byrjaði á síðustu öld. Það kostar langan undirbúning að fá tilskilin leyfi fyrir byggingu hjúkrunarheimilis. Ríkið greiðir 85% byggingarkostnaðar og sér um reksturinn með daggjöldum. Ásgerður segir okkur að fjörutíu rými verði á heimilinu. Umhverfið og aðbúnaðurinn á að líkjast sem mest einkaheimili. Byggingin sjálf er á einni hæð sem gerir bæði starfs- og heimilisfólki auðvelt um vik í daglegu amstri.

„Við erum stolt að búa öldruðum fallega umgjörð,” segir Ásgerður og bendir á að þrátt fyrir að eldri borgarar kjósi að búa sem lengst heima hjá sér og fái til þess þjónustu frá sveitarfélaginu er aukin eftirspurn eftir hjúkrunarrými fyrir þá sem ekki lengur geta verið heima.

Skammt frá hjúkrunarheimilinu er safnahúsið, sem að frumkvæði Þjóðminjasafnsins var byggt fyrir áratug undir læknaminjasafn í samvinnu við bæjaryfirvöld og ríkið. Engin starfsemi er í húsin þar sem málsaðilar hafa ekki komið

FUGLASKOÐUN

Þann 24. Maí næstkomandi mun Jóhann Óli Hilmarsson formaður FUGLAVERNDARAR VERA MEÐ FUGLASKOÐUN Í NÝLEGA BYGGÐU FUGLASKOÐUNARHÚSI Á BAKKA BAKKATJARNAR Á KOTAGRANÐA KLUKKAN 17





Ásgerður ásamt Sjálfstæðiskonum á Nesinu fagna með Petreu Jónsdóttur 35 ára starfsafmæli sem skrifstofustjóri Sjálfstæðisflokksins. Á myndinni eru Sigrún Edda, Ásgerður, Sjöfn, Ragnhildur, Guðrún, Petrea og Sigríður.

sér saman um fyrirkomulagið. Ásgerður segist vera í samskiptum við ráðuneyti um málið og ætla að tryggja að rekstur safnsins verði ekki byrði fyrir bæjarfélagið.

Æskan og íþróttirnar

Þökk sé öflugu forvarnarstarfi er vímuefnavandi nánast óþekktur

meðal ungs fólks á Seltjarnarnesi. „Ekki síst er það að þakka félagsmiðstöð bæjarins og íþrótt- og æskulýðsstarfi sem stendur með blóma,” segir Ásgerður.

Íþrótt og æskulýðsstarf nýtur stuðnings bæjarfélagsins; tólmundastyrkir eru þeir hæstu á landinu og íþróttaaðstaða fléttuð saman við skólana með nábylinu á

Melunum og Suðurströnd.

Stækkun og endurbætur á íþróttamiðstöð bæjarins hófust í vor. Auk íþróttasalar fyrir fimleika verður byggð búningsaðstaða, þreksalur, áhaldageymsla, betrubætt anddyri og fleira sem tengist íþróttaiðkun. Samningur við Reykjavíkurborg til 20 ára tryggir að kostnaði er skipt á milli sveitarfélaganna enda sækja bæði Reykvikingar út á Nesið til íþróttaiðkunar, rétt eins og Seltirningar nýta sér íþróttaaðstöðu í borginni.

Gallup: Mest ánægja á Nesinu

Um 85 prósent íbúa Seltjarnarness eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins samkvæmt árlegri könnun Gallup.

„Bærinn er fjölmennasti vinnustaðurinn á Nesinu, en þar starfa rúmlega 300 manns, og þökk sé frábæru starfsfólki höfum við skilað bæjarbúum þjónustu sem þeir kunna að meta,” segir Ásgerður.

Á heildina litið er Seltjarnarnesbær oftast í efsta sæti stærstu bæjarfélaga landsins, samkvæmt mælingu Gallup.

„Niðurstaðan undirstrikar jákvætt viðhorf bæjarbúa til samfélagsþjónustunnar og er starfsfólki og

stjórnendum bæjarins hvatning til að halda áfram á sömu braut.”

Skuldastaðan sú besta á landinu

Í nýlegum samanburði Viðskipta- blaðsins á skuldastöðu sveitarfélaga kemur fram að Seltjarnarnesbær stendur öðrum sveitarfélögum betur að vígi, hvað þetta varðar. „Við erum sátt við þennan samburð,” segir Ásgerður. Við viljum halda áfram á sömu braut, standa vörð um náttúru- perlu okkar og veita góða þjónustu. Enda er það svo að fólk vill gjarnan búa á Nesinu - þar eru lífsgæðin,” segir Ásgerður bæjarstjóri.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna



TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

...VERIÐ VELKOMIN...
KJÖTKOMPANI
HFJ 101
GRANDI
ESTD Hágæða 2009
— KJÖTVÖRUR —
100% Gæði
WWW.KJOTKOMPANI.IS

Grandagardi 29 | 101 Reykjavík

📍 HAFNARFIRÐI & GRANDA 📞 578 9700 ✉ kjothkompani@kjothkompani.is 📱 kjothkompani

Vantar meiri framsýni í bæjarmálin

- segir Guðmundur Ari Sigurjónsson oddviti lista Samfylkingarinnar

Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi leiðir lista flokksins við komandi bæjarstjórnarkosningar. Guðmundur Ari er tómsunda- og félagsmálafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað í æskulýðsgeiranum síðastliðinn áratug. Hann er forstöðumaður í Selinu á Seltjarnarnesi og einnig formaður Félags fagfólks í frítímaþjónustu. Eiginkona hans er Nanna Kaaber Árnadóttir og synir þeirra eru Árni Bergur og Kjartan Kári.

Guðmundur Ari er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi og hefur búið þar alla tíð fyrir utan það sem hann kallar leiguárin í 101um. “Þegar ég fór sjálfur að búa þá var líkt og nú ekki mikið um húsnæði á Nesinu fyrir ungt fólk. En þegar kom að þeim tímamótum að eignast þak yfir fjölskylduna þá fluttum við á Nesið. Eiginlega kom aldrei neitt annað til greina.”

Áhuginn á bæjarmálanum kom með æskulýðsstarfinu

Var Guðmundur Ari þá þegar farinn að hugleiða að blanda sér í bæjarpólítíkina? “Nei ég var ekki kominn alveg svo langt en eftir að ég fór að starfa að æskulýðsmálum kviknaði sá áhugi fyrir alvöru.” En hvað lá að baki því að sá áhugi kviknaði? “Ég er alin upp hér á Nesinu og þekki samfélagið og innviði þess afar vel. Ég gekk í grunn- og tónlistarskólann á Seltjarnarnesi, var markmaður í fótbolthanum og hornamaður í handbolthanum. Það var mjög gott að alast hér upp. Að vera krakki á Nesinu. Þegar ég var svo farinn að starfa að samfélagslegum verkefnum þá vaknaði áhuginn fyrir að taka þátt í að móta þetta góða samfélag og bæta það. Ég held því að umhyggja fyrir Nesinu hafi knúið mig af stað.” Guðmundur Ari segir að bæði menntun sín og



Guðmundur Ari Sigurjónsson ásamt fjölskyldu sinni, Nönnu Kaaber Árnadóttur og sonum þeirra þeim Árni Berg og Kjartani Kára.

starf að æskulýðs- og félagsmálum hafi gefið sér ákveðna innsýn í málefni samfélagsins. “Ég þekkti mannlegu hliðina nokkuð vel þegar ég fór af stað en seta mín í bæjarstjórninni á þessu kjörtímabili sem er að ljúka hefur veitt mér góða innsýn í bæjarmálin og gefið mér dýrmæta reynslu. Þannig tel ég mig vera vel undir það búinn að koma að stjórn bæjarfélagsins.”

Vantar framtíðarsýn í bæjarmálin

Guðmundur Ari segir að áherslumál sín séu í grunninn að varðveita og efla þær aðstæður að

gott sé að alast upp og búa á Seltjarnarnesi en þrátt fyrir að margt sé jákvætt þá sé ýmislegt sem megi bæta. Það vanti ákveðna framtíðarsýn í bæjarmálin. “Við erum að reka okkur á veggjum aftur og aftur sem ég tel að komast megi hjá einkum með því að horfa lengra fram á veginn en gert er. Við erum að nota reddingar í of miklu mæli.” Þegar Guðmundur Ari er beðinn um dæmi bendir hann strax á leikskólamálin. “Við höfum verið að ræða það í 5 ár að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla en samt er bærinn að fara opna tvær leikskóladeildir í gámum næsta haust, til þess eins að viðhalda núverandi inntökualdri. Við í Samfylkingunni höfum lagt fram tillögu að framtíðarlausn en hún felur í sér að byggja þriðju leikskólabygginguna á ráðhúsreitnum – reitnum þar sem eitt sinn átti að byggja ráðhús fyrir Seltjarnarnesbæ við hlið Mánabrekku. Húsnæði Mánabrekku er í góðu ásigkomulagi en Sólbrekkuhúsið þarfnast talsvert viðhald. Ef þriðja húsinu yrði bætt við og Sólbrekka lagfærð myndi verða til eitt leikskólasvæði þar sem í hverju húsi væri unnið með samstarfsklasa af leikskólabörnum á svipuðum aldri.”

Þróunarsjóður í skólamálanum

“Ég tel nauðsynlegt að til sé öflugt plan til að vinna eftir í skólamálanum og þá ekki aðeins fyrir leikskólann heldur einnig grunnskólann,” heldur Guðmundur Ari áfram. “Hluti af þessu plani er að fá fleira fagfólk til starfa – það er menntaða leik- og grunnskólakennara og þá kemur spurningin um hvernig fara eigi að því. Við höfum lagt til að vinnuvika verði stytta og komið verði á fót sérstökum þróunarsjóði í skólamálanum á Seltjarnarnesi. Sjóði sem kennarar geti sótt um fyrirgreiðslu til þess að mennta sig, bæta aðbúnað og þróa verkefni. Við megum



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni

- 

1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu
- 

2 Stafflið þeim saman svo þær taki minna pláss
- 

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur
- 

4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp

Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

ekki dragast aftur úr hvað kennsluhætti varðar vegna þess að kennarar fá ekki tækifæri til þess að kynna sér nýjungar og móta starf sitt með hliðsjón af þeim. Við þurfum líka að tileinka okkur nýja tækni eins og hægt er. Nemendur yngri þurfa að fá að læra að nýta sér snjalltæki við nám sitt en eldri nemendur einfaldar fartölvur svo dæmi séu tekin. Við þurfum að bæta aðbúnað og aðrar aðstæður í skólunum og að efla stuðningskerfi innan þeirra. Stuðningur inni í bekkjum hefur yfirleitt verið mannaður af ungu fólki sem stoppar stutt við. Það eykur álag á kennara sem og nemendur. Við þurfum að fjölga fagfólki og festu í stuðningskerfinu og létta þannig álag á kennurum og auðvelda nemendum með sérþarfir að vera virkir þátttakendur í skólasamfélaginu sínu á hverjum tíma.”

Verðum að ljúka við að skipuleggja miðbæjarsvæðið

Annað mál sem Guðmundi Ara er hugleikið er skipulag miðbæjarsvæðisins. Hann segir að ljúka verði við að skipuleggja það svæði sem nær yfir; Austurströndina, Eiðistorg og ráðhúsreitinn. “Þetta er mikið framfaramál hér á Nesinu en menn verða að ákveða hvernig þeir vilja hafa þetta mikilvæga svæði til framtíðar. Á kjörtímabilinu sem nú var að líða var illa staðið að kynningu og samráði við íbúa sem setti marga íbúa í vörn. Þegar andstaða við hluta hugmyndina kom fram var öllum hugmyndum

um skipulagið stungið ofan í skúffu í stað þess að þróa það áfram með íbúum. Skipulagið tekur á stórum spurningum eins og hvort fólk vilji sjá Austurströndina sem skrifstofuhúsnæði eins og það er í dag eða lágreista íbúðabyggð. Hvort endurhugsa megi Eiðistorgið og hvar við ætlum að taka á móti Borgarlínu. Mín skoðun er að bæjarbúar og stjórnmálamenn verði að eiga samtal um framtíð miðbæjarsvæðisins og á hvern hátt megi loka þessu púsluspili. Hér vantar bæði litlar íbúðir sem fyrstu kaupendur geta eignast og ungt fólk þurfi ekki að flýja Nesið af því ekkert húsnæði á viðráðanlegu verði er fyrir hendi. Okkur vantar líka húsnæði fyrir þjónustustarfsemi á borð við verslanir. Í dag er fólk farið að horfa meira til þess að hafa þjónustuna nær sér en var á tímabili. Getu sótt sér nauðsynjar í næsta nágrenni í stað þess að þurfa að sækja þær um lengri veg. Melabúðin í Vesturbænum er gott dæmi um þjónustu af því tagi. Kjarninn á Hagamelnum er farinn að setja svip á svæðið. Melabúðin, Kaffi Vest, bakaríð, Vesturbæjarlaugin og svo eru nokkrar verslanir aðeins vestar við Hagamelinn. Við þurfum að gera okkar til að koma þjónustunni í nútímalegra horf og nær íbúunum.”

Vestursvæðin eru hluti af lífsgæðum Seltirninga

“En þetta er ekki nóg,” heldur Guðmundur Ari áfram. “Við eigum falleg útivistarsvæði sem við þurfum að sinna betur og gera aðgengilegri.

Vestursvæðin eru hluti af lífsgæðum á Seltjarnarnesi sem við verðum að varðveita. Við þurfum að ganga vel um strendurnar og laga frárennsli frá bænum. Við þurfum að draga úr plastnotkun og auka möguleika á flokkun úrgangs. Ef við fjölgum tunnum sem taka við flokkuðum úrgangi þá minnkar það sem fer í almennu tunnunna. Við þurfum að styðja umhverfsvæna og fjölbreytta samgöngumáta, setja upp hleðslustöðvar fyrir rafbíla og góð hjólaskýli við sundlaugina og Eiðistorg, við eigum að fá Borgarlínu til okkar og tengja Nesið við Grandann með strætið.

Forgangsröðun verkefna í þágu íbúa

“En fyrst og fremst. Það þarf að viðhalda góðu samfélagi og tryggja Seltirningum góða og örugga þjónustu til framtíðar. Við viljum samfélag þar sem gott er að alast upp og taka þátt í íþrótt- og tómsundastarfi. Samfélag þar sem eldri borgarar geta búið sem lengst heima og treyst á góða heimaþjónustu og öflugt íþrótt- og félagsstarf aldraðra. Við viljum öflugt stuðningsnet sem grípur fólk sem veikist eða lendist í fjárhagsvandráðum og góða þjónustu við fatlaða íbúa bæjarins. Við viljum falleg og skemmtileg almenningsvæði en til þess að ná þessu öllu þarf að móta skýra framtíðarsýn og forgangsráða verkefnum í þágu íbúa.”



Kíktu á boðefnabarninn!



DRYKKIR Á BOÐEFNABARNUM

Þjóðum allskyns holla og heimagerða drykki og aðrar kræsingar á boðefnabar Systrasamlagsins sem næra djúpt.



KRISTALSVATNS-FLÖSKUR

Gæða vatnsflöskur úr þýsku ölpunum hlaðnar jákvæðum náttúrusteinum. Margar tegundir. Mögnuð gjöf.



SLAKAÐU Á Í SUMAR

FLOTHETTAN er framúrskarandi íslensk hönnun sem færir okkur djúpa slökun og vellíðan í vatni. Farðu dýpra inn á við fríinu. Líka í netsölu á www.systrasamlagid.is



ORÐ HAFNA ÁHRIF

Möntru armböndin eru frábært veganesti út í lífið. Í einstaklega fallegum gjafaumbúðum. Silfur, gull, rósagull.



FATNAÐUR BySirrý

Sirrý Örvars er einn af okkar fremstu textilhönnuðum. Einstaklega fallega hannaður fatnaður hennar fæst í Systrasamlaginu.

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Ný heimasíða: systrasamlagid.is
facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

Fylgstu með
SLÖKUN Í BORG
á www.systrasamlagid.is

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 16.



1. SÆTI 48 ára
Karl Pétur Jónsson
Viðskiptafræðingur og
varabæjarfulltrúi



2. SÆTI 60 ára
Hildigunnur Gunnarsdóttir
Menntunarfræðingur og
varabæjarfulltrúi



3. SÆTI 49 ára
Björn Gunnlaugsson
Kennari og verkefnastjóri



4. SÆTI 26 ára
Rán Ólafsdóttir
Háskólanemi og starfsmaður RSK



5. SÆTI 40 ára
Oddur J. Jónasson
Forstöðumaður þýðinga hjá Stöð 2



6. SÆTI 47 ára
Margrét H. Gústavsdóttir
Fjölmiðlakona



7. SÆTI 48 ára
Ragnar Jónsson
Rannsóknarlögreglumaður



8. SÆTI 63 ára
Ragnhildur Ingólfssdóttir
Arkitekt



9. SÆTI 48 ára
Garðar Gíslason
Viðskiptafræðingur



10. SÆTI 50 ára
Dagbjört H. Kristinsdóttir
Hjúkrunarfræðingur



11. SÆTI 41 ára
Benedikt Bragi Sigurðsson
Sálfræðingur



12. SÆTI 44 ára
Halldóra J. Sanko
Sérkennari



13. SÆTI 67 ára
Páll Árni Jónsson
Framkvæmdastjóri



14. SÆTI 62 ára
Árni Einarsson
Bæjarfulltrúi

Betra samfélag!

Á Seltjarnarnesi eru sóknarfæri til að gera góðan bæ frábæran. Auka þarf metnað við stjórnun bæjarins til þess að samfélagið okkar verði framúrskarandi.

Við viljum endurvekja þann stórhug sem Seltjarnarnesið var áður þekkt fyrir. Við teljum að þjónustan við unga jafnt sem aldna eigi ekki bara að vera góð, hún á að vera **framúrskarandi**.

Við ætlum að setja **aukinn kraft í skólann** okkar og setjum okkur það markmið að Grunnskóli Seltjarnarness verði innan fárra ára í fararbroddi íslenskra skóla.

Við ætlum að byggja **nýjan leikskóla**

Við ætlum að **virka** krafta eldri borgara og bjóða þeim að taka þátt í að móta áfram samfélagið sem þeir byggðu upp. Við ætlum að stórbæta þjónustu við þá eldri borgara sem hana þurfa.

Við ætlum að gera **bæjarlífið skemmtilegra** með bættum áherslum í skipulags- og menningarmálum.

Við ætlum að gera **leikvelli** og önnur útsvæði **skemmtilegri** og vandaðri fyrir fjölskyldurnar í bænum.

Við ætlum að **auka viðhald** á eigum bæjarins, sem margar hverjar liggja undir skemmdum.

Við viljum öflugt og skemmtilegt samfélag á Seltjarnarnesi!



Viðreisn / Neslistinn

Frábæra Seltjarnarnes!

Afkomendur Þórunnar og Þórðar ánægð með kaup bæjarins á Ráðagerði

Eins og kunnugt er festi Seltjarnarnesbær kaup á Ráðgerði fyrir skömmu en húsið á sér langa sögu og er auk þess það byggða ból á Seltjarnarnesi sem vestast stendur vestan Bygggarða. Afkomendur hjónanna sem byggðu Ráðagerði glöddust við fréttina um að bærinn hefði fest kaup á húsinu og með það fyrir augum að opna það gestum og gangandi með einhverjum hætti. Þótt búsetu afkomenda Þórðar og Þórunnar lyki snemma vegna skammlífis þeirra og flestra barna þeirra hefur staðurinn ætíð átt fastan sess í huga afkomenda þeirra og þykir ættinni lofsvert þegar saga byggðar á Nesinu er heiðruð með viðhaldi eldri húsa til jafns við uppbyggingu í steinsteypu og malbiki nútímans.

Húsið í Ráðagerði í núverandi mynd var byggt af þeim Þórði Jónssyni útvegsbónda og konu hans Þórunni Jónsdóttur en þau voru bæði fædd árið 1850. Af þrettán börnum þeirra



komust fimm á legg. Auk starfa sinna að búskap gegndi Þórður einnig starfi hafnsögumans fyrir Reykjavík og það gerði einnig eiginmaður Guðríðar, elstu dóttur þeirra hjóna, Oddur Jónsson sem síðar varð hafnarfógeti í Reykjavík. Þórður í Ráðagerði eins og hann var gjarna nefndur þótti höfðingi og leituðu margir liðsinnis

hans í stórum málum og smáum. Í ævisögu Thors Jensen er t.d. frásögn af því hvernig Þórður og fleiri útvegsbændur gengu í ábyrgð fyrir timburfarmi sem Thor hugðist flytja til landsins og varð grunnur að endurreisn á veldi hans eftir gjaldþrot.

Grafreitur í Hólavallakirkjugarði tengist Ráðagerði en þar eru þau Þórður og Þórunn grafin ásamt þremur barna sinna, tveimur tengdabarna og sonarsyni. Afkomendur þeirra af þriðju kynslóð hafa um árabíl sammælt um að sinna grafreitnum. Í þessu skyni hafa þau um árabíl hist til verka í kirkjugarðinum að kvöldi 20. júní sem var fæðingardagur Þórðar en þann dag eru einnig sumarsólstöður. Myndin sem hér fylgir var tekin við slíkt tilefni 2016. Ef vel hefur viðrað þá hefur leið hópsins að loknu verki stundum legið út að Gróttu til að virða fyrir sér og njóta útsýnis forfeðranna en foreldrar sumra í hópnun voru fædd í Ráðagerði.

Tímarnir breytast og mannlífið með

Seltjarnarnes er tangi, eða nes, sem liggur út frá Vesturbæ Reykjavíkur.

„Landamærin,“ ef svo mætti að orði komast, liggja á Suðurstroönd og við Nesveg en hingað er ekki hægt að komast nema með því að fara fyrst í gegnum Vesturbæinn. Það er að segja ef þú ferð landleiðina.

Með auknum fjölda ferðamanna í miðborginni hefur menning í ýmsum úthverfum borgarinnar dafnað sem aldrei fyrr.

Kaffihús, veitingastaðir og sérværslanir spretta inni í miðjum íbúahverfum og eru vel sótt. Fólki finnst jú notalegt að geta gengið heim eftir að hafa fengið sér einn kaldan, og svo er gaman að rekast á nágranna sína og ræða málin.

Merkilegt nokk er eins og þessi þróun hafi aldrei náð yfir „landamærin“ og hingað inn á Seltjarnarnes. Meðan veitingastaðir, verslanir og hverskonar þjónustufyrirtæki blómstra um alla borg þá er eins og

aðeins örfá fyrirtæki ná í þrífast á Nesinu.

Samt er ekki eins eftirspurnina vanti enda maður manns gaman eins og segir í Hávamálum.

Rauða Ljónið er núna eini veitingastaðurinn í bænum og á mig virkar hann svolítið eins og þorramatur. Slátur, svið og hrútsþungar eru ekki beint lystugur matur en hefðin gerir hann næs. Með öðrum orðum er fagurfræðin ekki beint að trekkja heilu saumaklúbbana inn á Ljónið en hefðin og sérstaðan hefur hingað til látið þetta virka. Og pizzurnar auðvitað.

Kaffihúsið og ísbúðin Arna höfðar aftur til breiðari hóps og þar er alltaf nóg af gestum frá opnun til lokunar enda vantar ekki eftirspurnina.

Og þar komum við að Eiðistorgi. Hvaða Nesbúa hefur ekki dreymt um að sjá eitthvað róttækt gerast á þeim vanrækta stað? (sem minnir mig stundum á yfirgefna verslunarmiðstöð einhversstaðar í Austur-Evrópu).

Til dæmis væri hægt taka innviðin í yfirhalingu, lyfta

þakinu eða taka það einfaldlega af, mynda fallett útitor og koma fyrir borðum og stólum svo að fólk geti viðrað sig í sólinni. Við gætum tekið vel á móti hjólaþólki, skipulagt tónleika, markaði og margt, margt fleira.

Hvern hefði grunað að Hlemmur Mathöll myndi slá jafn rækilega í gegn og raun bar vitni? Hversvegna ekki Eiðistorg líka?

Seltjarnarnesið getur orðið svo frábær staður ef vilji er fyrir því. Við þurfum bara að vera til í smá breytingar.

Ert þú til í breytingar?

Margrét Hugufrún Gústavsdóttir skipar 6. sæti hjá Viðreisn og Neslista á Seltjarnarnesi.



Margrét Hugufrún Gústavsdóttir.

Seltirninga í öndvegi

Sveitafélög eru fyrir íbúana. Hlutverk þeirra er að mæta þörfum þeirra og óskum eins og framast er unnt. Sveitastjórnarmenn eru þjónar íbúanna. Íbúarnir velja þá til að tryggja sem allra best að sveitarfélagið og starfsmenn þess starfi í þágu íbúanna.

Því miður hefur það gerst í vaxandi mæli að sveitarstjórnarmenn og jafnvel starfsmenn sveitarfélaganna hafi gleymt þessum grundvallaratriðum. Í stað þess að leitast stöðugt við að kynna sér vilja og óskir íbúanna og finna leiðir til að mæta þeim hafa þeir ýmsir fallið í þá freistni að setja sínar óskir og áhugaefni í forgang og freista þess að nota bæjarfélagið og hið sameiginlega fé bæjarbúa til að koma þeim í framkvæmd.

Þessi tilhneiging er auðvitað mest áberandi í stóru sveitarfélögum. Hjá hinum stóra nágranna okkar hér fyrir austan hefur hún til að mynda gengið út í slíkar ófgar að sveitarfélagið ver stórfé beinlínis til rýra hag borgarbúa og gera þeim lífið erfiðara.

Hver er réttlætning þessara furðuverka? Jú, hún er sú hugsjón fámennarar valdaklíku í borgarstjórn að borgarbúar eigi með góðu eða illu að fara ferða sinna á hjólum eða tveimur jafnfljótum en nota svokallaðar almenningssamgöngur þess á milli. Svona gera auðvitað aðeins sveitarstjórnarmenn sem líta á sig sem forsjármenn bæjarbúa en ekki þjóna þeirra.

Því miður hefur hliðstæð firring einnig gert vart við sig í okkar litla bæjarfélagi. Það sjáum við m.a. af því að bæjarfélagið hefur nú í nokkur kjördæmabil beitt sér fyrir byggingarframkvæmdum alls staðar þar sem pláss til þess hefur fundist og gengið ítrekað á þau náttúrusvæði sem flestir Seltirningar vilja varðveita. Hvað þetta snertir hefur bæjarstjórnin ekki verið að hlusta á óskir bæjarbúa – þeir hafa langflestir ekki viljað þessar nýbyggingar. Nei, bæjarstjórnin hefur þess í stað hlustað á óskir byggingarféлага, sem eru einvörðungu í leit að gróða og er sama um hagsmuni Seltirninga.

Það er kominn tími til að snúa við blaðinu. F-listinn vill að sveitarfélagið sé fyrir Seltirninga. Við viljum að það hætti að herma eftir stóru sveitarfélögum en hugsi þess í stað um að bæta hag Seltirninga. Við viljum bæta mannlíf og lífsskilyrði á Seltjarnarnesi. Við viljum stöðva nýframkvæmdir og vernda náttúru Seltjarnarness. Við viljum fara vel með fé Seltirninga, bæta rekstur sveitarfélagsins og lækka álgur á íbúana. Umfram allt viljum við setja íbúa Seltjarnarness og þeirra óskir og vilja í öndvegi.


Ragnar Árnason, skipar 5. sæti F-lista.



Ragnar Árnason.

SAGA PREMIUM

Munaður sem munar um



Pægindin hefjast strax við innritun

Hvernig væri að leyfa sér aðeins meiri þægindi um borð? Breiddu úr þér í betri sætum og njóttu þess að láta dekra við þig á ýmsa lund. Taktu með þér auka tösku, nýttu þér þráðlausa netið um borð og kynntu betri stofunum á flugvöllum. Með Saga Premium ætlum við nú að bjóða allt þetta fyrir lægra verð. Kynntu þér Saga Premium – munaður sem munar um.

Er lýðræði vesen?

Vinnubrögð meirihlutans á Setljarnarnesi hafa í áratugi verið gagnrýnd, til að mynda þar sem stórvægilegar ákvarðanir hafa verið teknar á bæjarstjórnarskrifstofunni á milli funda nefnda bæjarins þar sem minnihlutinn á sína fulltrúa.

Fundur skólanefndar var haldinn 18. apríl síðastliðinn og var fyrsti liður fundarins: Inntaka barna í Leikskóla Seltjarnarness 2018. Undir þeim lið komu fram upplýsingar frá meirihlutunum að vegna fjölda barna yrðu settar upp tvær færanlegar stofur við leikskólann til að anna eftirspurninni. Sem fulltrúi minnihlutans í skólanefnd vaknaði spurningin:

Hvar var ég? Engar málefnalegar eða faglegar umræður höfðu farið fram á vettvangi skólanefndarinnar. Ég tel þessa skyndilausn endurspegla visst úrræðaleysi og viðvarandi skort á framtíðarsýn í málefnum leikskólans.

Málið snýst alls ekki um að minnihlutinn sé á móti því að sem flest börn fái inni í leikskólanum heldur sjálfstærð ákvarðanatökufélag.

Á fundi bæjarstjórnar 9. maí síðastliðinn spurðist ég fyrir um hvar ákvörðunin um færanlegu stofunna við leikskólann hefði verið tekin. Í stuttu máli snerist svar bæjarstjóra um að stefna bæjarstjórnar í upphafi kjörtímabilsins hafi verið að taka inn öll 14 mánaða gömul börn sem fædd eru fyrri hluta árs og þau hafi verið svo mörg vorid 2018 að bæta þyrfti við húsnæði. Spurningin snerist ekki um þetta, heldur ákvarðanatökufélagið varðandi uppsetningu tveggja færanlegra stofa við leikskólann. Það þótti óþarfi að ræða leiðina að markmiðinu í samvinnu við minnihlutann í skólanefndinni.

Ofangreind lýsing á vinnubrögðum meirihlutans er alls ekki einsdæmi þar sem minnihlutalýðræðið er fótum troðið og mikilvæg málefni ekki tekin til umfjöllunar í nefndum bæjarins.

Ef þið, kjósendur góðir, eruð sammála því að ofangreind vinnubrögð séu bara í góðu lagi, þá er lýðræði vesen.

Hildigunnur Gunnarsdóttir, skipar 2. sætið á sameiginlegum lista Neslistans og Viðreisnar í komandi sveitarstjórnarkosningum.



Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Uppbyggingu grænna, snjallra og örugggra innviða

Rekstrarafkoma Seltjarnarness hefur verið lófuð síðustu misserin. Rekstrarafkoma segir hinsvegar lítið um sjálfbærni rekstrarins þ.e. hvort innbyrðis tengdir þættir svo sem rekstur, öryggi íbúa og umhverfisvernd séu í jafnvægi. Sé jafnvægið ekki til staðar er reksturinn í raun í skuld. Í því samhengi stendur Seltjarnarnesbær frammi fyrir stórra áskorun á næsta kjörtímabili.

Ástand fráveitu á Seltjarnarnesi er ámælisvert en niðurstöður heilbrigðiseftirlits síðustu ára sýna að fjöldi saurkóligerla í sjó er nánast viðvarandi yfir viðmiðunarmörkum og telst ástandið reglulega með öllu ófullnægjandi. Í vatnaveðrum er skólpi dælt um yfirfall í viðtaka á Seltjarnarnesi og þaðan óhreinsuðu út í sjó við fjöllumörk í Bakkavík, við Lambastaði, Eiðsvík og Norðurvík. Samfylkingin vill setja verndun strandlengjunnar forgang með lagningu á tvöföldu fráveitukerfi fyrir skólpi og regnvatn, eins og tíðkast annars staðar. Einnig að koma upp mælum svo hægt sé að fylgjast með flæði skólps og fylgja reglugerðum.

Gatnalýsing á nesinu er eign bæjarfélagsins. Þrátt fyrir bann skv. Evróputilskipun frá árinu 2015 notast bæjarfélagið enn við orkufrekar kvikasílfursperur í ljósastaurum. Samfylkingin vill setja fram langtímaáætlun um breytingu á ljósgjöfum þar sem umhverfisvæn LED lýsing er sett forgang með áherslu á ljós- og myrkurgæði. Samhliða því vill hún innleiða snjallstaura sem gera okkur kleift að stýra birtumagni með hreyfiskynjurum sem tryggja fullkomið öryggi íbúa með nákvæmri birtustýringu fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð. Með umhverfisvænni snjalllýsingu næst fram gríðarlegur sparnaður fyrir bæjarfélagið auk þess sem ómetanlegur aðgangur opnast að náttúrugæðum himinhvolfins.

Samfylkingin leggur áherslu á orkuskipti í samgöngum og að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Mannfjöldaspár gera ráð fyrir að íbúum á Höfuðborgarsvæðinu muni fjölga um 70 þúsund á næstu 20 árum og umferðarþungi um 65%. Samfylkingin styður Borgarlínu sem flytja mun íbúa Seltjarnarness óhindrað með vistvænum, öruggum og skjóttum hætti frá Eiðistorgi og um allt svæðið. Fyrir þá sem enn kjósa einkabílinn vill Samfylkingin koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla í snjallstaura og þannig gera bæjarbúum kleift að iðka vistvænan lífstíl.

Stiga þarf skrefið til fulls í flokkun sorps á Seltjarnarnesi en íbúum hefur um nokkra hríð staðið til boða að flokka pappír, og nú plast. Samfylkingin vill bæta um betur og flokka til viðbótar gler, málm og lífrænan úrgang. Á sama tíma innleiða hvata til flokkunar með nýrri gjaldskrá þar sem greitt er minna fyrir flokkunartunnur og meira fyrir almenna heimilistunnu enda er kostnaður við urðun óflokkaðs heimilissorps margfalt meiri fyrir sveitarfélagið og þar með íbúa.

Karen María Jónsdóttir skipar 4. sætið á lista Samfylkingar Seltíminga



www.systrasamlagid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi



SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Barnvænt samfélag á Seltjarnarnesi

Samkvæmt þjónustukönnunum Capacent eru flestir Seltirningar þeirrar skoðunar að gott sé að ala upp börn á Seltjarnarnesi. Hér eru góðir leik- og grunnskólar, samfella í skóla- og tómstundastarfi, góð aðstaða til tómstunda- og íþróttaiðkunar og sífellt er leitað leiða til að gera enn betur.

Sveitarfélagin sinna að miklu leyti þeim verkefnum sem tengjast daglegu lífi barna og ungmenna. Eftir að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, Barnasáttmálinn svonefndi, var lögfestur á Alþingi 2013 eru bæði opinberir aðilar og einkaaðilar skuldbundnir til þess að virða ákvæði hans. Barnasáttmálinn markaði tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna.

Börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem tryggja þarf sérstaka vernd og stuðning umfram fullorðna. Í sáttmálanum er kveðið á um réttindi allra barna óháð aðstæðum, vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og eflingu jafnræðis milli barna.

UNICEF á Íslandi hefur unnið að líkani sem kallast Barnvæn sveitarfélög fyrir íslensk sveitarfélög í samvinnu við umboðsmann barna. Líkanið byggir á fyrirmynd hundruða sveitarfélaga um allan heim. Hægt er að lesa nánar um verkefnið á vefsíðunni barnvaensveitarfelog.is. Sveitarfélög sem taka þátt og innleiða Barnasáttmálan hljóta viðurkenningu UNICEF sem barnvæn sveitarfélög að loknu tveggja ára innleiðingarferli að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Ein leið til að stuðla að enn barnvænna samfélagi á Seltjarnarnesi er innleiðing Barnasáttmálans. Þannig er tryggt að sveitarfélagið taki markvisst mið af réttindum barna, daglegu umhverfi þeirra og reynsluheimi við töku ákvarðana. Með því að auka skilning á réttindum barna er unnt að hafa áhrif á viðhorf, vinnuferla og þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Einstaklingar sem þekkja réttindi sín eru auk þess líklegri til að bera virðingu fyrir réttindum annarra og eru börn þar engin undantekning.

Ragnhildur Jónsdóttir, hagfræðingur, skipar 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi í sveitarstjórnarkosningunum 26. maí nk.



Ragnhildur Jónsdóttir.



SELTJARNARNES

Bæjarstjórnarkosningar á Seltjarnarnesi 26. maí 2018.

Kjörfundur verður haldinn í Valhúsaskóla við Skólabraut. Hefst hann kl. 09:00 og lýkur kl. 22:00.

I. Kjördeild.

Austurströnd
Bakkavör
Barðaströnd
Bollagarðar
Eiðismýri
Eiðistorg
Fornaströnd
Grænamýri
Hamarsgata
Hofgarðar
Hrólfsskálamelur
Hrólfsskálavör
Kirkjubraut

II. Kjördeild.

Kolbeinsmýri
Lambastaðabraut
Látraströnd
Lindarbraut
Melabraut
Miðbraut
Nesbali
Neströð
Nesvegur
Ráðagerði
Sefgarðar
Selbraut
Skerjabraut

III. Kjördeild.

Skólabraut
Sólbraut
Steinavör
Suðurmýri
Sæbraut
Sævargarðar
Tjarnarból
Tjarnarmýri
Tjarnarstígur
Unnarbraut
Valhúsabraut
Vallarbraut
Vesturströnd
Víkurstönd

Eftirtaldir listar eru í kjöri:

D- listi Sjálfstæðisflokkurinn

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Ásgerður Halldórsdóttir, Bollagörðum 1. Bæjarstjóri
- 2 Magnús Örn Guðmundsson, Melabraut 27. Viðskiptafræðingur
- 3 Sigrún Edda Jónsdóttir, Selbraut 84. Viðskiptafræðingur
- 4 Bjarni Torfi Álfþórsson, Látraströnd 2. Framkvæmdastjóri
- 5 Ragnhildur Jónsdóttir, Látraströnd 19. Hagfræðingur
- 6 Sigríður Sigmarsdóttir, Unnarbraut 19. Sölustjóri
- 7 Guðrún Jónsdóttir, Melabraut 33. Sérfræðingur
- 8 Hannes Trygvi Hafstein, Lindarbraut 8. Framkvæmdastjóri
- 9 Guðmundur Helgi Þorsteinsson, Eiðismýri 4. Ráðgjafi
- 10 Lárus Gunnarsson, Fornuströnd 16. Háskólanemi
- 11 Kristján Hilmir Baldursson, Melabraut 27. Háskólanemi
- 12 Þórdís Sigurðardóttir, Bollagörðum 121. Flugumferðarstjóri
- 13 Guðni Sigurðsson, Bollagörðum 35. Eðlisfræðingur
- 14 Petrea Ingibjörg Jónsdóttir, Vallarbraut 6. Skrifstofustjóri

N- listi Viðreisn/Neslisti

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Karl Pétur Jónsson, Barðaströnd 5. Varabæjarfulltrúi
- 2 Hildigunnur Gunnarsdóttir, Melabraut 40. Framhaldssk.kennari
- 3 Björn Gunnlaugsson, Miðbraut 17. Verkefnastjóri
- 4 Rán Ólafsdóttir, Unnarbraut 7. Háskólanemi
- 5 Oddur Jónas Jónsson, Melabraut 2. Forstöðumaður
- 6 Margrét Hugrún Gústavsdóttir, Nesvegur 102. Bláðamaður
- 7 Ragnar Jónsson, Nesbali 62. Rannsóknarlögreglumaður
- 8 Ragnhildur Ingólfssdóttir, Tjarnarstígur 20. Arkitekt
- 9 Garðar Gíslason, Melabraut 22. Viðskiptafræðingur
- 10 Dagbjört H. Kristinsdóttir, Lindarbraut 8. Hjúkrunarfræðingur
- 11 Benedikt Bragi Sigurðsson, Lindarbraut 7. Sálfræðingur
- 12 Halldóra Jóhannesdóttir Sanko, Eiðistorg 5. Þroskaþjálfari
- 13 Páll Árni Jónsson, Nesbali 78. Tækni-fræðingur og fv.frkvstj.
- 14 Árni Einarsson, Eiðistorg 3. Framkvæmdastjóri

F- listi Fyrir Seltjarnarnes

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Skafti Harðarson, Vesturströnd 21. Framkvæmdastjóri
- 2 Ástriður Sigurrós Jónsdóttir, Bakkavör 44. Viðskiptafræðingur
- 3 Eyjólfur Sigurðsson, Sævargörðum 9. Forstjóri
- 4 Guðrún Erla Sigurðardóttir, Nesbala 76. Framkvæmdastjóri
- 5 Ragnar Árnason, Hrólfsskálavör 10. Prófessor
- 6 Ásgeir Bjarnason, Kirkjubraut 18. Viðskiptafræðingur
- 7 María J. Hauksdóttir, Vesturströnd 4. Mannfræðingur
- 8 Guðjón Jónatansson, Lambastaðabraut 1. Verkefna /þjónustustj.
- 9 Elínborg Friðriksdóttir, Austurströnd 4. Markaðsstjóri
- 10 Guðrún Valdimarsdóttir, Nesbala 44. Fjármálastjóri
- 11 Arnar Sigurðsson, Hrólfsskálamel 12. Fjárfestir
- 12 Þuríður V. Eiríksdóttir, Nesbala 76. Sölustjóri
- 13 Kristín Ólafsdóttir, Lindarbraut 4. Starfsm. Safnaðarheimilis
- 14 Helgi Þórðarson, Tjarnarmýri 19. Framhaldsskólakennari

S- listi Samfylkingin

Nr. Nafn frambjóðanda, heimilisfang. Starfsheiti

- 1 Guðmundur Ari Sigurjónsson, Eiðistorg 9. Tömsundafræðingur
- 2 Sigurþóra Bergsdóttir, Nesvegi 123. Verkefnisstjóri
- 3 Þorleifur Örn Gunnarsson, Lindarbraut 18. Grunnskólakennari
- 4 Karen María Jónsdóttir, Miðbraut 1. Deildarstjóri
- 5 Magnús Dalberg, Nesbala 106. Viðskiptafræðingur
- 6 Helga Charlotte Reynisdóttir, Hrólfsskálavör 15. Leikskólakennari
- 7 Stefán Bergmann, Hamarsgötu 2. Líffræðingur
- 8 Hildur Ólafsdóttir, Bollagarðar 53. Verkfræðingur
- 9 Tómas Gauti Jóhannsson, Hofgarðar 21. Handritshöfundur
- 10 Laufey Elísabet Gissuraróttir, Melabraut 30. Þroskaþjálfari
- 11 Stefanía Helga Sigurðardóttir, Tjarnarból 4. Fristundaleiðb.
- 12 Árni Emil Bjarnason, Skólabraut 7. Bókbindari
- 13 Gunnlaugur Ástgeirsson, Nesvegi 121. Kennari
- 14 Margrét Lind Ólafsdóttir, Hofgarðar 21. Bæjarfulltrúi

Kosning utan kjörfundar er í verslunarmiðstöðinni Smáralind í Kópavogi á 2. hæð vesturenda, alla daga frá kl. 10:00 til 22:00

Kjörskrá Seltjarnarnesbæjar liggur frammi frá 15. maí 2018, almenningi til sýnis í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Seltjarnarness Austurströnd 2, 1. hæð, á opnunartíma skrifstofunnar.

Hvar á ég að kjósa? Bent er á vefinn: <https://www.skra.is/einstaklingar/kjorskra-og-kosningarettur/>

Kosningavefur Dómsmálaráðuneytisins með ýmsum upplýsingum um kosningarnar er: www.kosning.is

Talning atkvæða hefst að loknum kjörfundi.

Yfirkjörstjórn verður með aðsetur á 2. hæð Valhúsaskóla meðan á kjörfundi stendur.

Munið eftir persónuskilríkjum.

Yfirkjörstjórn Seltjarnarnesbæjar,

Pétur Kjartansson, formaður
Davíð B. Gíslason
Gróa Kristjánsdóttir

Lífsgæði, ábyrgð og festa á Nesinu

Þegar litið er yfir farinn veg í rekstri Seltjarnarnesbæjar geta Sjálfstæðismenn verið stoltir. Ekki aðeins á Nesinu heldur um land allt. Seltjarnarnes er frábært dæmi um skynsamlegan rekstur bæjarfélags. Hér eru skattar og skuldir með því lægsta sem gerist. Álagning útsvars er t.d. 13,7% hér en 14,52% í Reykjavík, sem er raunar hámarksútsvar enda vinstrimenn við völd þar undir forystu Samfylkingarinnar. Þetta skiptir auðvitað miklu máli. Samt sem áður er þjónustugíð hér mikið mun hærra, og reyndar með því hæsta á landinu í öllum málaflokkum og ánægja íbúa eftir því.

Ómakleg gagnrýni

Í dag er sótt að okkur Sjálfstæðismönnum á Seltjarnarnesi úr ýmsum áttum. Óvæntum líka. Helsta gagnrýnin er hversu lengi flokkurinn hefur verið við völd. Það eru einkennileg rök þegar vel gengur. Einnig er gagnrýnt hversu þjónustugíð er hátt og líttlí afgangur er af rekstri bæjarins, sem sveiflast eftir atvikum. En undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur tekist að bjóða íbúum Seltjarnarnes úrvalsþjónustu með lágum sköttum og álögum og erum við stolt af því. Skuldahlutfallið er með því lægsta á landinu og sterkar stoðir eru í grunnrekstri bæjarins. Stækkun íþróttamiðstöðvar, sem Reykvíkingar kosta 2/3 hluta af, og bygging hjúkrunarheimilis, sem ríkið borgar 85% af auk alls rekstrarkostnaðar eru enn fremur hluti af gagnrýninni. Ef þetta eru helstu gagnrýnisefnin er ekki mikið sem bjatar á hjá okkur á Nesinu.

Vaxandi vinsældir

Fyrir síðustu kosningar ritaði ég grein um vinsældir Seltjarnarnes hjá barnafjölskyldum. Ekki óraði mig þá fyrir hvað hefur síðan gerst. Svefnbærinn er bókstaflega að fyllast af barnafjölskyldum. Á sama tíma rituðu fulltrúar minnihlutans um að hér væri allt ómögulegt. Sem betur fer hlustuðu fáir. Þeir eru að minnsta kosti hér sjálfir ennþá. Hér er ekki ódýrt að festa kaup á húsnæði, enda eftirspurn úr öllum sveitarfélögum, ekki síst úr Reykjavík þar sem ríkir ófremdarástand í leiksskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Það eru gleðifregnir hve Seltjarnarnesbær er vinsæll og því ber að fagna. Til skemmri tíma útheimtir það fjárfestingu í innviðum en á móti koma nýir skattgreiðendur sem taka þátt í að viðhalda háu þjónustugíð á skynsamlegum kjörum.

Stefnan er skýr og metnaðarfull

Þrátt fyrir töluverða uppbyggingu ætlar Sjálfstæðisflokkurinn ekki að hækka skatta. Flokkurinn ætlar þvert á móti að nýta svigrúm til skattalækkana. Viðmiðunaraldur tómtundastyrkja verður lækkaður niður í fimm ára aldur úr sex. Nýr leikskóli mun rísa, enda Sólbrekka úr sér gengin. Allt stefnir í yfir 10% fjölgun barna á leikskólunum frá því í fyrra miðað við sama inntökualdur, 14 mánaða. Það er lægra en víðast hvar annars staðar. Með nýjum leiksskóla er stefnt á 12 mánaða inntökualdur. Öryggis og umferðarmál verða sett í forgang. Áhersla verður á eflingu Strætó og að ekki verði þrengr meir að

einkabílnum en nú þegar er búið að gera. Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnarnesi hefur tekið skýra afstöðu varðandi Borgarlínuna sem er í dag óraunhæf hugmynd. Umhverfismál og vestursvæðin hafa ávallt verið í öndvegi hjá okkur og sérstök áhersla verður á að hlúa vel að eldri borgurum sem er hratt stækkandi hópur í samfélaginu.



Magnús Örn Guðmundsson.

Gerum lífið enn betra

Ég þekki engan Seltirning sem vill búa í öðru sveitarfélagi. Ástæðan fyrir því er einföld. Hér hefur okkur tekist að byggja upp svo eftirsóknarvert samfélag að önnur sveitarfélög líta hingað öfundaraugum. Þetta hefur tekið marga áratugi og allan þann tíma hefur bærinn verið undir traustri forystu Sjálfstæðismanna. Í kosningunum 26. maí óska Sjálfstæðismenn eftir traustum meirihluta til að hér verði áfram eftirsóknarverðasta bæjarfélag landsins. Við heitum því að gera enn betur - gera lífið enn betra. Tilraunastarfsemi í breytingastjórnun úr þekktri formúlu getur reynst bæjarbúum dýrkeypt. Kjósum áframhaldandi lífsgæði, ábyrgð og festu.

Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur, skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi

Eitt samfélag fyrir alla

Innviðir okkar á Seltjarnarnesi eru sterkir, við erum lítið samfélag þar sem við getum haldið utan um alla og boðið þétttriðrið öryggisnet þar sem enginn lendir útundan. Velferðarþjónustan okkar gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja netið gagnvart ólíkum hópum. Samfylkingin leggur áherslu á að velferðarþjónustan okkar miði að þörfum fólks, að þjónustan sé fyrir fólk en ekki kerfi. Við höfum lagt áherslu á félagslegt húsnæði á þessu kjörtímabili og komum því loks til leiðar að hægt væri að skrá sig á biðlista eftir húsnæði sem áður var ekki hægt. Við teljum nauðsynlegt að fjölga félagslegum íbúðum til að þeir sem það þurfa fái húsaskjól.

Það eru mörg verkefni sem við hjá Samfylkingunni viljum fara í af krafti. Á þessu kjörtímabili tók Seltjarnarnes yfir málefni fatlaðra. Byggja þarf sérhæft húsnæði fyrir fatlað fólk en einnig þarf að huga að aðstæðum og kjörum starfsmanna í málefnum fatlaðra sem nú er lakari en í öðrum sveitarfélögum. Við fögnum því að komin sé fram öflug stefna um málefni fatlaðs fólks og að þar sé gert ráð fyrir að fatlað fólk geti fengið að NPA þjónustu. Hlutverk okkar á næsta kjörtímabili er að búa til aðgerðaráætlun og sjá til þess að stefnan endi í framkvæmd en ekki í skúffu bæjarstjórnar.

Margt er vel gert í málefnum eldra fólks. Við viljum efla samráð við Öldungaráðið og auka aðkomu notanda að þróuð félagslíf og þjónustu við þennan ört stækkandi og fjölbreytta hóp okkar samfélagi. Gæði þjónustu og stuðnings við aldraða á heimilum þeirra er eitt mikilvægasta verkefnið.

Samfylkingin vill koma á breiðara samstarfi skóla, heilbrigðis- og félagsþjónustu þar sem áhersla er á forvarnir og snemmtæka íhlutun. Í því skyni viljum við koma á fót þverfaglegu stuðningsneti sem styður við einstaklinga í skóla, leik og starfi og að þjónusta við börn og foreldra verður samræmd á einum stað. Markmiðið er að ekkert barn verði útundan og allir nái að blómstra á sínum forsendum.

Samfylkingin á Seltjarnarnesi vill búa til eitt samfélag fyrir alla á Seltjarnarnesi.

Sigurþóra Bergsdóttir, verkefnisstjóri og vinnusálfræðingur sem situr í öðru sæti Samfylkingar á Seltjarnarnesi.



Sigurþóra Bergsdóttir.

Öruggt umhverfi - Bætt lífsgæði !

Einn af mikilvægustu þáttum góðs samfélags er sá að bæjarbúar hafi góða öryggisstillingu hvort sem það varðar heill þeirra eða eigur. Við hjá Viðreisn/Neslistanum viljum að bærinn komi með markvissa aðgerðaráætlun og skipuleggi nágrannavörslu í samstarfi og sátt við bæjarbúa.

Nágrannavarsla er ódýr en öflug leið

Nágrannavarsla er ein öflugasta forvörn sem til er hvort sem hún er með formlegum hætti eða ekki. Hún eykur meðvitund íbúa á nærumhverfið og er ekki kostnaðarsöm en sé hún virk getur hún auðveldlega aukið öryggisstillingu íbúa til muna.

Einnig viljum við kanna hug foreldra á að bæta við eftirlitsmyndavélum í anddyri íþróttahússins eins og í Valhúsaskóla, því miður af gefnu tilefni, þar sem nokkuð hefur verið um þjófnáði verðmæta frá iðkenndum og nemendum. Slíkar öryggisvælar eru víða í sambærilegum húsnæðum hjá nágrannasveitafélögum okkar.

Samstaða á samfélagsmiðlum

Þá teljum við komin tíma á endurskoðun á umferðaröryggisáætlun bæjarins sem var gefin út í maí 2014 og lofaði góðu en ekki hefur verið farið eftir á nokkrum sviðum.

Sorglegast er að sjá að á allt of mörgum stöðum hér á Nesinu er ekki er farið í einu og öllu að merkingum og öryggisgildum, til dæmis við gangbrautir þar sem börnin okkar og aðrir góðir bæjarbúar fara um á degi hverjum. Gangbrautarkerki skulu vera báðum megin akbrauta og gæta þarf að sýnileika og lýsingu en svo er ekki hér.

Fleira væri hægt að telja upp sem betur mætti fara en nóg í bili. Sem lögreglumanni, og þar með áhugamanni um öryggismál, hefur mér þótt bæði jákvætt og gott að fylgjast með virkni bæjarbúa á samfélagsmiðlum m.a. hvað varðar upplýsingar um tapað fundið og tilkynningar um grunsamlegar mannaferðir eða ökutæki. Það er gott að búa á Seltjarnarnesi en lengi má gott bæta.

Ragnar Jónsson, höfundur starfar sem rannsóknarlögreglumaður hjá tæknideild lögreglunnar og skipar 7 sæti lista Viðreisnar/Neslista.



Ragnar Jónsson.

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Vorferð, handverk, vöflur og spil

Þegar þessar línur eru skrifaðar í maí byrjun er alhvít jörð. Enn bíðum við eftir betri tíð með blómum í haga. En „þetta hlýtur að fara að lagast“ heyrst mörgum senn á dag. Víkjum þá að dagskránni og því sem drifið hefur á dagana síðastliðinn mánuð og því sem framundan er. **Vörðukonur** buðu til spilakvölds þriðjudaginn 17. apríl. Fjölmenni tók þátt og að venju veittu þær glæsilega vinninga og buðu þátttakendum í kaffihlaðborð í hléi. Bestu þakkir kæru Vörðukonur fyrir góða og gjöfulega heimsókn. Nokkrir aukaspiladagar bættust við í síðasta mánuði sem mæltist vel fyrir. **Heilsudagar á Seltjarnarnesi** voru haldnir dagana 3-5 maí og var gestum og gangandi boðið í félags og tómsundaaðstöðu félagsstarfs aldraðra til að kynna sér dagskrána þessa daga.

Vorferð. Sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar var farin þriðjudaginn 8. maí. Að þessu sinni var ákveðið að fara í **Stykkishólm og sigla um Breiðafjarðareyjjar**. Lagt var af stað frá Skólbraut kl. 8.00 og keyrt sem leið lá í Stykkishólm. Þegar þangað kom beið okkar bátsferð um Breiðafjarðareyjjar. Skemmst er frá því að segja að sjóferðin var í alla staði frábær, fróðleg og algerlega ógleymanleg. Blankalogn, spegilsléttur sjór og fínasta veður. Siglt var að mörgum eyjum og fjölbreytt fuglalíf skoðað. Síðan var fólk boðið upp á smakk af hafsbötni sem sæfarar kölluðu víkinga-sushi. Skemmtilega spennandi og öðruvísi. Eftir siglingu var farið í **Narfeyjarstofu** þar sem boðið var upp á hádegisverð af bestu gerð. Grillaðan lax með góðu meðlæti og dýrindis desert á eftir. Eftir matinn kíktum við í kirkjuna sem er eitt af staðareinkennum Stykkishólms. Þar fengum við góðar móttökur prestsins Sr. Gunnars Eiríks Haukssonar en hann bjó hér á nesinu sem barn og unglingur. Það er líka gaman að segja frá því að altaristaflan í kirkjunni er eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur myndlistarmann sem búsett er hér á Seltjarnarnesi. Það var sæll og glaður hópur sem rann í hlað á Nesinu eftir góða og eftirminnilega ferð. Þrátt fyrir miklar umhleyplingar í veðrinu síðastliðnar margar vikur þá höldum við að þetta hafi verið sumardagurinn fyrsti.

Billjard spilararnir okkar heimsóttu kollega sína í Reykjanesbæ fimmtudaginn 3. maí og áttu þeir ánægjulega ferð. Að öðru leyti hefur dagskráin verið með hefðbundnu sniði skv. dagskrárblaði.

HANDVERKSSÝNING

Árleg handverkssýning verður dagana 25, 26 og 27. maí í salnum á Skólbraut 3-5. Þá munu eins og venjulega allir sem stundað hafa námskeið í leir, gleri og bókbandi, handavinnukonur og timburmenn sýna afrakstur vinnu vetrarins. Mjög margt fállega og áhugaverðra muna verða á sýningunni. Þess má geta að mjög góður orðrómur um handverkssýningar eldri borgara á Seltjarnarnesi hefur farið víða og fáum við alltaf gesti hvaðanæva að. Að þessu sinni er kosningahelgi til sveitastjórna og teljum við það ekki spilla fyrir. **Sýningin verður opin alla þrjá dagana frá kl. 13.00 – 18.00. Í tengslum við sýninguna verður vöflusala og kaffi. Fólk er hvatt til að fjölmenna og taka með sér gesti.**

Félags- og tómsundastarf eldri bæjarbúa breytist litlilega yfir sumartímann, en þá falla niður öll hefðbundin námskeið. Sumardagskráin fyrir júní og júlí er í smíðum. Eins og fyrri sumur koma til okkar framhaldsskólanemar sem leiða dagskrána sem verður byggð upp á margskonar hreyfingu og annari dagskrá eins og gönguferðum, pútti og boccia, félagsvist, bingó og ýmsu öðru skemmtilegu.

Þess má geta að í september verður aftur boðið upp á námskeið í bridge í Eiðismýri 30. Búið er að hengja upp auglýsingu í Eiðismýri 30, þar sem áhugasamir geta skráð sig.

Dagskráin í kirkjunni 2.-24. maí. Listahátíð Seltjarnarneskirkju „kenn oss að telja vora daga“ Tónleikar, kórar, erindi og fræðsla. Auglýsingaplagat hefur verið borið í öll hús á Seltjarnarnesi. Nánari uppl. á seltjarnarneskirkja.is

Dagskráin í Bókasafninu 2. – 31. maí. Fjölbreytt dagskrá. List án landamæra. Sögunnar minnst. 100 ára afmælis fullveldis Íslands. Sumarlestur og lesið fyrir hund. seltjarnarnes.is/bokasafn

Afmælissýning Bjargar Ísaksdóttur opnar svo í Gallerí Gróttu fimmtudaginn 31. maí. Sýning Bjargar er í tilefni af 90 ára afmæli hennar.

UMHVERFISHORNID

FUGLASKOÐUNARHÚS - FUGLASKOÐUN

Þann 24. maí nk. mun Jóhann Óli Hilmarsson formaður Fuglaverndar vera með fuglaskoðun í nýlega byggðu fuglaskoðunarhúsi á bakka Bakkatjarnar á Kotagrandi. Húsið er fállega hannað af Ragnhildi Skarphéðinsdóttur landslagsarkitekt, þar sem rekaviður, tilhöggvið grjót og torf eru aðalbyggingarefni. Torf og grjóthleðslu annaðist Steinunn Árnadóttir, garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar. Þarna mun vera hægt að skoða fuglana í návígi án þess að trufla þá. Jóhann Óli mun mæta með sjónauka og kynna fyrir gestum og gangandi hvernig fuglaskoðun fer fram. Á Seltjarnarnesi hafa sést rúmlega 140 tegundir fugla. Um 20 tegundir verpa þar reglulega og 10 til viðbótar eru óreglulegir varpfuglar. Fuglalíf á Seltjarnarnesi er einstakt hvað fjölbreytni varðar og jafnframt er sérstakt að slík fuglapparadís skuli finnast við helsta þéttbýli landsins. Þessi náttúruperla er því afar viðkvæm fyrir öllu raski mannsins og jafnframt gagnvart náttúruöflunum. Við ráðum kannski ekki við náttúruöflin en við getum tekið ábyrgð á eigin gjörðum.



VERNDUM VESTURSVÆÐIN OG GRÓTTU

Eitt af því sem gerir eftirsóknarvert að búa á Seltjarnarnesi er nálægðin við náttúruna. Afar mikilvægt er við alla skipulagsvinnu að náttúran fái að njóta sín og aðgengi bæjarbúa að útivistarsvæðum sé gott og að borin sé virðing fyrir óspilltri náttúru. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi Vestursvæða fellur allt það svæði sem ekki er annaðhvort friðlýst eða á náttúruinjakrá undir ákvæði hverfisverndar. Suðurnesið, ásamt strandlengju deiliskipulagsins að Bygggördum, er á náttúruinjakrá. Gróttu og Bakkatjörn eru friðlýst svæði. Nesstofa sem hýsir Nesstofusafn (byggð 1761-1763) er eina friðaða húsið á svæðinu. Hverfisverndin er vegna fjölbreytts náttúruvafars, landslags og auðugs fuglalífs, sögu- og menningarlandslags og mikils útivistargildis svæðisins í heild. Gert er ráð fyrir að hverfisverndarsvæðin verði aðgengileg fólk á látlausan hátt með stígum, bekkjum og upplýsingaskiltum. Seltjarnarnesbær hefur umsjón með hinum friðlýstu svæðum og skuldbindur sig til að gæta þeirra og upplýsa almenning um varðveislugildi þeirra. Friðlandið Gróttu er nú undir auknu álagi vegna ásóknar, meðal annars ferðamanna. Því er mjög brýnt að meta stöðuna og móta tillögur til úrbóta. Umhverfisnefnd vinnur að hugmyndum um vöktun Gróttu, sérstaklega á varptíma frá 1. maí til 15. júlí. Einnig er svæði afmarkað í Gróttu til að verja varplandið ágangi.

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar

Nesfréttir Sími: 511 1188

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Skóli á 21. öld

Grunnskólustarfi á Seltjarnarnesi er til fyrirmyndar miðað við flesta hefðbundna mælikvarða. Efniviðurinn er líka góður, hér eru foreldrar margir vel menntaðir og styðja vel við nám barna sinna. Þau eru mörg orðin læs á síðasta ári leikskóla, þar sem unnið er frábært starf við allt annað en fyrsta flokks aðstæður. Grunnskólanemendur ná góðum árangri á samræmdum prófum, Skólapúlsinn sýnir að hvergi hafa nemendur meiri trú á eigin námsgetu og óvíða hafa þeir jafn mikla ánægju af lestri.

Eigum við þá ekki bara að hafa þetta svona áfram?

Það er spurning sem ég velti fyrir mér nú þegar strákurinn minn er að fara að byrja í fyrsta bekk. Stóra systir hans hefur sagt honum að hann hafi fulla ástæðu til að hlakka til að byrja í skóla og að það sé mest gaman í fyrsta bekk.

Strákurinn er farinn að geta lesið sér til gamans. Hann ætti að hafa alla burði til að útskrifast úr grunnskóla árið 2028 sem sjálfstæður, sterkur og lífsglaður einstaklingur sem hefur fengið að þroskast og dafna á eigin forsendum upp allan grunnskólann. Ef vonir mínar rætast endar námið hans ekki þar og hann verður að detta inn á vinnumarkaðinn einhvern tíma á fjórða áratug þessarar aldar. Við vitum ekki margt um hvernig samfélagið verður þá, annað en að það verður ólíkt því sem við ólumst upp í. Skólinn þarf að takast á við það verkefni að færa honum veganesti inn í óvissa framtíð. Til þess þarf skólinn að þróast í takt við samfélagsbreytingar.

Við sem bjóðum fram undir merkjum Neslistans og Viðreisnar ætlum því, auk þess að hækka laun kennara, að lækka kennsluskyldu þeirra til að gera þeim betur kleift að þróa skólustarfið hér á Nesinu. Sveitarfélögin í kringum okkur hafa undanfarið fjárfest í skólaláttun. Nú er kominn tími til að Nesið taki forskot.

Björn Gunnlaugsson, skipar 3. sætið á sameiginlegum lista Neslistans og Viðreisnar í komandi sveitarstjórnarkosningum.



Björn Gunnlaugsson.

Að búa í heilsueflandi samfélagi

Lýðheilsustefna

Síðustu 4 árin hef ég starfað með góðu fólki sem varaformaður íþrótt- og tómsundanevndar Seltjarnarnesbæjar. Hópurinn hefur lagt metnað sinn í að vinna eftir lýðheilsustefnu bæjarins í einu og öllu og nú viljum við bæta um betur og vinna okkur í áttina að heilsueflandi samfélagi. Lýðheilsustefnuna má lesa í heild sinni á heimasíðu bæjarins en megininntak hennar tilgreinir markmið sveitafélagsins að bættri heilsu bæjarbúa á öllum stigum óháð efnahag. Að vinna sig í átt að heilsueflandi samfélagi tekur tíma en bæjarfélag okkar er án efa kjörið til að taka upp þessa stefnu þar sem boðleiðir eru stuttar og hlutirnir geta unnist hratt og vel þar sem við „tikkum“ nú þegar í mörg box er varða ferlið. Eitt af markmiðum lýðheilsustefnunnar er að bjóða upp á heilsudaga í maí ár hvert. Þá höfum við unnið í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga sem bjóða upp á hreyfingu í bænum. Aðsókn hefur verið góð en því miður hefur veðrið ekki alltaf unnið með okkur en þeir allra hörðustu láta það ekki á sig fá eins og sjá mátti í Neshlaupinu 5. maí s.l.

Nú er komið að sveitarstjórnarkosningum og þá þurfum við bæði að horfa í baksýnnispegilinn sem og til framtíðar. Hvað hefur áunnist síðustu 4 árin og hvert er stefnt á næsta kjörtímabili?



Sigríður Sigmarsdóttir.

Tómsundastyrkir

Á síðasta kjörtímabili höfum við sjálfstæðismenn hækkað tómsundastyrkina úr 30.000 kr. í 50.000 á barn á ári. Þessi hækking var einstök á landsvísi á þeim tíma en í kjölfarið hafa önnur bæjarfélög fylgt í fótspor okkar. Við viljum gera enn betur á næsta kjörtímabili og lækka aldursviðmiðið niður í 5 ára en það miðast við 6 ára aldurinn í dag. Við vitum nefnilega að bæjarbúar hugsa vel um heilsuna og kenna börnum sínum frá unga aldri að hreyfing er hluti af lífinu. Við viljum því bjóða fjölskyldum barna frá 5-18 ára tómsundastyrki á næsta kjörtímabili.

Framkvæmdir

Nýtt íþróttahús er í byggingu og erum við stolt af því að hafa náð samkomulagi við Reykjavíkurborg um byggingu þess. Bærinn reisir húsið en Reykjavíkurborg greiðir bænum leigu næstu 20 árin, sem núvirt dekkar u.þ.þ. 70% af framkvæmdakostnaði. Við bæjarbúar fáum nýja og bætta íþróttaaðstöðu sem nýttast mun öllum, hvort sem það eru iðkendur, þjálfarar, starfsfólk, eldri borgarar eða skólábörn. Þessi uppbygging er skref til framfara.

Stofnun afreksmannasjóðs

Ekki má svo gleyma stofnun afreksmannasjóðs þar sem fyrstu styrkir voru veittir til Lovísu Thompson og Fanneyju Hauksdóttur, nýrri rennibraut í sundlauginni, nýju gervigrasi á Vivaldi vellinum ásamt sparkvöllunum við Lindarbraut og Mýrarhúsaskóla, endurnýjun á fimleikaáhöldum og gólfi, lengdum opnunartíma sundlaugarinnar og endurbótum að göngu- og hjólastígum en á nýju kjörtímabili viljum við sjálfstæðismenn auka til muna öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda í sátt og samlyndi við báða aðila. Gerum lífið ennþá betra á nesinu!

Sigríður Sigmarsdóttir 6. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi.

Snyrtistofan Bella

Er komin aftur í Vesturbæinn og hef hafið störf á Snyrtistofunni Bellu, Hótel Sögu.

Gamlir og nýjir viðskiptavinir hjartanlega velkomnir.

Kær kveðja, Berglind Valberg



Brúum bilið og bætum starfsaðstæður

- Leikskóli Seltjarnarness til framtíðar

Eins og staðan er í dag er fjölgun barna í leikskóla Seltjarnarness staðreynd. En hvernig ætlum við að koma til móts við börn, foreldra og starfsfólk til þess að vel sé við unað?

Framtíðarspá um þróun fjölda barna á Seltjarnarnesi segir að nú þegar þurfi að fjölga plássum úr um 212 upp í rúmlega 250 til að taka inn börn frá 12 mánaða aldri. Sama spá um þróun fjölda segir að árið 2024 þurfi leikskólinn að bjóða upp á pláss fyrir 300 börn. Nú þegar er ljóst að fjölga þarf plássum til að bjóða sömu þjónustu og fyrri ár. Lausn bæjaryfirvalda felst í því að starfrækja tímabundið tvær deildir í færanlegum stofum en slík lausn ber vott um skort á framtíðarsýn núverandi meirihluta enda hafa spár legið fyrir um nokkurt skeið.

Það mikilvægasta af öllu á fyrsta skólalagnum barnanna okkar og það sem gerir leikskóla að leikskóla er okkar frábæra starfsfólk sem leiðir starfið með fagmennsku og hugsjón að leiðarljósi. Það gerir að verum að skólinn hefur náð að laða að fleiri leikskólakennara og í það viljum við halda. Með stækkun skólans í sumar er þörf á að ráða í 8 til 10 stöðugildi og til þess að halda í fjölgun leikskólakennara þarf að bjóða betur en önnur sveitafélög. Samfylkingin ætlar að gera vel við starfsfólk og börn með því að stuðla að styttingu vinnuvikunnar, hækka laun og loka milli jóla og nýárs. Hvernig gerir það vel við börnin okkar spyr sig eflaust einhver. Jú því það að gera vel við starfsfólk dregur úr álagi og streitu og veikindadögum fækkar. Það leiðir til þess að starfsfólk hefur meiri orku, er ánægðara í starfi og enn glaðara sem smítast í allt það frábæra starf sem þegar er í leikskólanum. Við ætlum að gæta að fjölda barna inni á deildum, huga að hljóðvist og að möguleiki sé fyrir börnin að draga sig í hlé og fá notalega stund. Til þess að koma til móts við þarfir og fjölgun barna ætlar Samfylkingin að byggja nýjan leikskóla á Ráðhúsreitnum sem staðsettur er við hliðin á Mánabrekku og búa þannig til leikskólasamfélag með þremur aðskildum byggingum, hver bygging samanstendur af deildum sem vinna saman með börnum á svipuðum aldri. Við munum hafa stjórnendur og starfsfólk með í hönnun enda hafa þeir bestu þekkinguna á þörfum barnanna og starfsfólks enda sérfræðingar í sínu starfi. Nýr leikskóli opnar einnig á möguleikann að taka inn börn í aðlögun tvisvar á ári og tryggir öllum börnum frá 12 mánaða aldri leikskólaláttun við góðar starfsaðstæður.



Helga Lotta.

Helga Lotta - Leikskólakennari 6. sæti á lista Samfylkingar Seltíminga



4. flokkur kvenna Íslandsmeistari



Gróttustelpurnar að loknum leik í Safamýrinni.

Fimmtudaginn 10. maí spilaði 4. flokkur kvenna yngri til úrslita um Íslandsmeistaratiðilinn í handknattleik. Þær öttu kappi gegn sterku liði Hauka og var leikurinn jafn og spennandi.

Þær byrjuðu leikinn af krafti en leikurinn einkenndist af góðum varnarleik. Staðan í hálfleik var 7-6 Gróttu í vil. Í byrjun seinni hálfleiks juku Gróttustúlkurnar forskotið og komust í 11-7 en Haukar minnkuðu muninn í 11-10. Lengra komust þær ekki og Gróttu vann frábæran 14-10 sigur á Haukum. Maður leiksins var Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir en stelpurnar voru hver annarri betri og uppskáru sanngjarnan sigur.

Framtíðin er svo sannarlega björt hjá Gróttu og verður afa spennandi að fylgjast með þeim í næstu árin.

Góður árangur Gróttustúlkna á meistaramóti



Hildur, Sóley, Fjóla Guðrún og Laufey.

Helgina 4. - 6. maí fór fram GK meistaramót í áhaldafimleikum. Gróttu átti 5 keppendur á mótinu sem stóðu sig mjög vel.

Laufey Birna Jóhannsdóttir sigraði í fjölpaupt í unglingsflokki og varð í 2. sæti á tvíslá, slá og gólfi. Sóley Guðmundsdóttir sigraði á slá og varð í 4. sæti í fjölpaupt í unglingsflokki. Fjóla Guðrún Viðarsdóttir varð í 9. sæti í fjölpaupt í unglingsflokki. Nanna Guðmundsdóttir varð í 3. sæti á slá í fullorðinsflokki.

Við óskum iðkendum og þjálfurum innilega til hamingju með góðan árangur.

Nýtt gólf í handboltasalinn

Gerður hefur verið verksamningur við fyrirtækið Á. Óskarsson ehf. um endurnýjun á íþróttagólfi í handboltasal íþróttamiðstöðvarinnar.

Ráðgefandi aðili fyrir hönd bæjarins í vali á gólfefni á salinn var Jóhannes Geir Benjamínsson húsasmíðameistari og umsjónarmaður fasteigna Seltjarnarnesbæjar. Þeir Haukur Geirmundsson og Heiðar Rey Óskarsson undirrituðu samninginn fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar og Á. Óskarssonar ehf. nýverið og verður verkið framkvæmt í sumar.

Íþróttagólflið er af gerðinni Berlin í frá þýska fyrirtækinu Hamberger Flooring. Um er að ræða sérframleitt íþróttaparketi úr beiki sem verður lagt ofan á flatfjaðrandi grind. Heildarþykkt á parketi er 18,3 mm. Þar af er 5,6 mm. eik og 12,7 mm. birki krossviður í gæðastaðli BFU 100. Með þessari samsetningu fæst frábært íþróttagólf með minnstu mögulegu þenslueiginleikum og er gólflið því ekki er jafnt viðkvæmt fyrir breytingum á raka- og hitastigi eins og gólfefni sem eru eingöngu lögð úr gegnheilu parketi. Heildarhæð á gólfi með grind er um 20 cm. sem er sama hæð og er á núverandi íþróttagólfi.



Haukur Geirmundsson og Heiðar Rey Óskarsson undirrituðu samninginn.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170

Borgarlína, litlar íbúðir og Neskebab

Eitt af stóru verkefnum næsta kjörtímabils er að skipuleggja miðbæjarsvæði Seltjarnarnesbæjar en svæðið sem nær yfir Austurströnd, Eiðistorg og leikskólasvæðið er eina svæðið á Nesinu sem ekki er skipulagt með deiluskipulagi. Þetta síðasta púsl í heildarskipulagi bæjarins er ekki bara mikilvægt vegna þess hve fjölbreytta þjónustu það nær yfir heldur einnig vegna þess að við gerð skipulagsins mun bærinn þurfa að velta upp fjölmörgum spurningum sem snúa að framtíðarþróun sveitarfélagsins.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Skipulag í samráði við íbúa bæjarins

Við í Samfylkingu Seltirninga teljum mikilvægt að ráðist verði sem fyrst í þessa vinnu og að hún verði unnin í breiðsamráði við íbúa bæjarins með fundum en einnig með rafrænum samráðsvettvangi þar sem hægt yrði að senda inn tillögur og ræða hugmyndir. Á kjörtímabilinu sem nú er að líða hélt núverandi meirihluti illa á spilunum þegar kom að miðbæjarskipulaginu þar sem mikið skorti upp á samráð og kynningu við gerð tillagna að miðbæjarskipulaginu. En það var ekki bara það að illa var staðið að hugmyndasamkeppninni heldur birtist einnig mikil ákvarðanafælni þegar upp stigu gagnrýnisráddir á ýmsa hluta tillagna arkitektanna. Í stað þess að taka umræðuna við bæjarbúa og þróa skipulagið áfram í auknu samráði þá var skipulaginu einfaldlega stungið ofan í skúffu og ekki talað um það meir.

Byggjum nýjan leikskóla

Einn angí miðbæjarskipulagsins er leikskólasvæðið og svokallaður ráðhúsreitir sem er bílastæðið á horni Suðurstrandar og Nesvegar. Við í Samfylkingu Seltirninga viljum að í stað þess að byggja bæjarskrifstofur eða aðra þjónustu á vegum bæjarins eigi að byggja þriðju leikskólabygginguna á ráðhúsreitnum. Með því væri búið að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla í hjarta sveitarfélagsins.

Fjölbreyttar íbúðir, öflugar almenningsgöngur og spennandi þjónusta

Síðustu þróunarsvæði Seltjarnarnesbæjar eru Eiðistorgarreiturinn og Austurströndin. Mikil tækifæri felast í því að skoða þessi svæði upp á nýtt með framtíðarþróun bæjarins í huga. Skipuleggja þarf endastöð fyrir Borgarlínu í skipulaginu til þess að tengja Seltjarnarnes við öflugar hágæða almenningsgöngur sem eykur lífsgæði bæjarbúa og styður við verslanir og þjónustu á svæðinu. Mikilvægt er að bærinn marki skýra stefnu þegar kemur að uppbyggingu íbúðahúsnæðis á svæðinu og að tryggð verði að hluti húsnæðisins sem þar rísi verði litlar íbúðir sem henta fyrstu kaupendum. Nú þegar er búið að breyta Orkureitnum við Austurströnd í lóð fyrir íbúðir í aðalskipulagi en einnig er spennandi að endurhuga Eiðistorgar planið og líta til velheppnaðar uppbyggingar við Garðatorg þar sem blönduð byggð húsnæðis og þjónustu rammur bílapanið inn til móts við torgið sjálft. Spennandi verslanir og þjónusta sem gæti snúið bæði út að Nesvegi sem og Eiðistorgarplaninu myndi stórbreyta ásýnd miðbæjarins og gera hann bæði fallegri og skemmtilegri.

Við í Samfylkingu Seltirninga óskum eftir umboði bæjarbúa til þess að leiða þessa skipulagsvinnu en lítum þó á hana fyrst og fremst sem samstarfsverkefni við íbúa. Við erum metnaðarfull fyrir hönd bæjarins okkar og viljum fá þig með okkur í lið til þess að færa Seltjarnarnes til framtíðar.

Guðmundur Ari Sigurjónsson – 1. sæti Samfylkingu Seltirninga

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Liður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + rauði kross Íslands

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Bragi Björnsson sem er nýr formaður aðalstjórnar Gróttu. Bragi hefur búið á Seltjarnarnesi meira og minna síðan 1990. Hann er giftur, tveggja barna faðir en bæði börnin spila handbolta og fótbolta með Gróttu.

Fullt nafn? Bragi Björnsson.

Fæðingard. og ár? 17. júní 1968.

Starf? Lögmaður.

Farartæki? Sex ára umhverfisvæn þýskur eðlvað.

Helstu kostir? Prautseigur og duglegur.

Eftirlætis matur? Hangikjöt með tilheyrandi.

Eftirlætis tónlist? Duran Duran.

Eftirlætis íþróttamaður?

Börnin mín.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Friends.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Skriftamál einsetumannsins eftir langafa minn Sigurjón Friðjónsson

Uppáhalds leikari? Helen Mirren.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Godfather I-III.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ver þeim með fjölskyldunni, les, ferðast og fer út með hundinn.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Fjarðargljúfur.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Hreinskilni og heiðarleiki.



Hvern vildir þú helst hitta?

Elisabetu Englandsdrottningu.

Uppáhalds vefsíða? grottasport.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Fleiri bikara á Nesið.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Setja þær í menntunarsjóð fyrir börnin.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Taka Gróttugallann upp sem skólabúning í

Mýrarhúsaskóla.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Njóta lífsins og gera Gróttu að skemmtilegasta íþróttafélagi landsins.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fór með fjölskyldunni á handboltamót í Gautaborg sem sonurinn tók þátt í og ferðaðist um Norðurland með vinum.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Seltjarnarnes

– lífsgæði, ábyrgð og festa

Fjórtán áhersluatriði á kjörtímabilinu 2018-2022:

- **Traust fjármálastjórnun** verður áfram í öndvegi um leið og ávallt verður leitað leiða til að lækka álögur á bæjarbúa. Skuldsetning bæjarins verði áfram með því lágsta sem þekktist.
- **Bygging nýs leikskóla** fyrir eins til fimm ára börn verður boðin út í haust.
- **Tómstundastyrkir** verða veittir vegna barna frá fimm ára aldri.
- **Sérkennsla** - styðja enn frekar við þarfamiðaða sérkennslu í leik- og grunnskóla. Markmiðið er að gera góðan grunnskóla enn betri og tryggja að nemendur á Seltjarnarnesi komi sem best undirbúnir í framhaldsskóla.
- **Stækkun íþróttamiðstöðvar** mun stórbæta aðstöðu ungra sem aldinna bæjarbúa til hreyfingar og margskonar íþróttaiðkunar – og stuðla að heilsuefandi samfélagi.
- **Heilsuefandi samfélag** - Seltjarnarnes verði heilsuefandi samfélag þar sem horft er til heilsu og líðanar íbúa og sköpuð tækifæri til heilsuefingar og forvarna.
- **Hjúkrunarheimili** verður opnað í lok árs og þar með náð langþráðu marki. Þjónusta við aldraða verður áfram í forgangi og samráð haft við stækkandi hóp þeirra.
- **Loftslagsstefna** verði mörkuð til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda.
- **Fjölbreytt ný byggð** sem rís á Bygggarðasvæðinu mun gefa ungum, miðaldra og eldri bæjarbúum kost á húsnæði við hæfi – og skapa vestasta hluta bæjarins fallett yfirbragð.
- **Ósnortin náttúruperla** vestursvæðanna verður varðveitt, tryggð friðsæld svæðisins m.a. á Kotagrandi, milli Snoppu og Suðurness, og landið verndað með eflingu sjóvarnargarða þar sem þörf reynist, landvörslu komið á og fræðsluskilti sett upp.
- **Menningarlíf** verði áfram fjölpætt öllum bæjarbúum til ánægju og fróðleiks.
- **Ferðamálastefna** verði mótuð, hvernig við mætum vaxandi fjölda fólks víða að sem vill skoða Seltjarnarnes og njóta með okkur hinna frábæru landsgæða og útsýnis.
- **Umferðaröryggi** verður í öndvegi. Unnið verður áfram gegn þrengingu akstursleiða til og frá Seltjarnarnesi og kappkostað að greiða fyrir allri umferð. Lögð verður áhersla á að bæta almenningssamgöngur. Göngu- og hjólastígar verða bættir með öryggi vegfarenda að leiðarljósi.
- **Íbúalýðræði** og gagnsæi í stjórnsýslu verður enn aukið og efnt til íbúakosninga um mikilvægar ákvarðanir sem snerta bæjarbúa.

Við efnum fyrirheit!



1. sæti
Ásgerður



2. sæti
Magnús Örn



3. sæti
Sigrún Edda



4. sæti
Bjarni Torfi



5. sæti
Ragnhildur



6. sæti
Sigríður



7. sæti
Guðrún